

Ár 2013, miðvikudaginn 27. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. E-675/2012:

Barnaverndarnefnd [...]

(Ómar Örn Bjarnþórsson hdl.)

gegn

X

(Sonja B Hreiðarsdóttir hdl.)

kveðinn upp svohljóðandi

D ó m u r:

Mál þetta, sem var dómtekið 31. janúar sl., var höfðað með stefnu þingfestri þann 16. maí 2012.

Stefnandi er Barnaverndarnefnd [...].

Stefnda er X, kt. 000000-0000, [...].

Dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði með dómi svipt forsjá yfir barninu Y, kt. 000000-0000, sbr. a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Jafnframt er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður hver sem úrslit málsins verða.

Stefnda krefst þess fyrir dómi að kröfum stefnanda um að stefnda verði svipt forsjá dóttur sinnar, Y, verði hafnað. Þá er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað auk virðisaukaskatts eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Þann 26. júní lagði stefnda fram matsbeiðni þar sem hún fór fram á að dómkvaddur yrði hæfur, sérfróður og óvilhallur matsmaður til að meta forsjárhæfni stefndu og tengsl hennar við Y. Var matsgerð lögð fram 1. nóvember 2012. Reyndu aðilar óformlegar sættir í kjölfar sem ekki tókust. Hófs aðalmeðferð þann 8. janúar sl. og var framhaldið þann 31. janúar sl., og var málið dómtekið að henni lokinni.

Málavextir.

Stefnda er 38 ára gömul og fer ein með forsjá dóttur sinnar Y, kt. 000000-0000. Hún á einnig stúlkuna Z, kt. 000000-0000, en faðir hennar fer með forsjá hennar samkvæmt dómsátt þann 20. júní 2012. Mál systranna hafa verið til meðferðar hjá stefnanda síðan í ágúst 2008 en hafði áður verið til meðferðar hjá Þjónustumiðstöð

Vesturbæjar á höfuðborgarsvæðinu og barnavernd [...] allt frá fæðingu Z.

Í gögnum málsins liggur fyrir umsögn barnalæknis og sálfræðings frá 6. desember 2005 vegna athugana á Z en hún var þá tæplega fjögurra ára gömul. Segir í samantekt að Z sé ljúf og kát stúlka og þroska hennar og takmörkunum lýst. Tekið er fram að móður sé bent á SOS-námskeið og lesefni. Henni var einnig bent á að sækja ráðgjafarviðtöl til að styrkja sig og efla í móðurhlutverkinu. Fylgjast skuli vel með líðan Z svo grípa megri inn í ef þurfa þyki. Endurmat á málþroska og hegðun fari fram að hálfu til einu ári liðnu.

Skýrsla um stuðning heima fyrir og uppeldisráðgjöf frá október 2006 liggur fyrir. Kemur þar fram að stefnda hafi fengið aðstoð og ráðgjöf með uppeldi dætra sinna frá júní til október 2006. Var þá mat starfsmanns að stefnda þyrfti áframhaldandi stuðning, t.d. félagslega heimaþjónustu eða tilsjón þar sem hún yrði studd og hvött til þess sem hún þyrfti að vinna með í uppeldishlutverkinu.

Í maí 2007 var gerð sálfræðileg athugun á Z og kom þar fram að æskilegt væri að móðir hennar sækti námskeið um hegðunarmótun, t.d. SOS-námskeið eða Uppeldi sem virkar: Færni til framtíðar. Einnig var mælt með því að móðirin yrði áfram í nánun samstarfi við félagsráðgjafa varðandi stuðning inn á heimilið.

Í nóvember 2007 var gerð samantekt frá [...] um stuðning við stefndu. Voru heimsóknir til hennar alls þrettán en stefnda ekki heima í fjögur skipti. Í nánari skýringum segir að stefnda hafi verið bent á að börn þyrftu ást og umhyggju, fasta matmálstíma og svefntíma. Hafi stefnda átt erfitt með að taka á mótí leiðbeiningum, hafi tekið það sem gagnrýni og farið í vörn. Var mælt með áframhaldandi stuðningi heima fyrir.

Í bréfi dagsettu 13. ágúst 2008 er máli stefndu vísað frá [...], þjónustumiðstöð [...] til Félagsþjónustu R vegna dætra stefndu. Segir þar að mál stefndu og dætra hennar hafi verið til meðferðar hjá Þjónustumiðstöð [...] nánast frá fæðingu eldri stúlkunnar. Stuðningur við fjölskylduna hafi aðallega falist í ýmiss konar fjárhagsaðstoð, viðtölum og uppeldisráðgjöf til móður, heimaþjónustu og miklu samstarfi við leikskóla stelpnanna. Stefnda hafi ávallt verið til góðs samstarfs við starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar. Er stuðningur við stefndu rakinn í bréfinu.

Í október 2008 var gerð áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr. laga nr. 80/2002, og undirritaði stefnda þá áætlun vegna beggja stúlkanna. Hlutverk stefndu var að vera í samvinnu við barnaverndarnefnd, að sækja SOS-námskeið og að skipuleggja fjármál sín þannig að hún hefði efni á mikilvægum útgjöldum eins og leikskólagjöldum. Aftur var gerð áætlun um meðferð máls þann 18. ágúst 2009 vegna Z þar sem fyrri úrræði og aðgerðir voru áréttuð auk þess sem skilyrt var að Z færi í viðtöl hjá sálfræðingi til að meta stöðu hennar og líðan auk þess að stefnda mætti í uppeldisráðgjöf hjá skólasálfræðingi. Sams konar áætlun var einnig gerð sama dag vegna Y en að auki var hlutverk stefndu að koma Y til stuðningsfjölskyldu eina helgi í mánuði.

Bréf frá leikskólanum [...] frá 1. október 2009 til Fjölskyldu- og félagsþjónustu R liggur fyrir í málinu. Þar kemur fram að stefnda eigi til að sýna hegðun í formi galsaláta þegar hún sæki Y í leikskólann en þegar stefnda hafi

fengið nóg af því eigi hún til að hvessa sig og segja með engum fyrirvara: „Hættu, ég er alveg búin að fá nóg.“ Eftir sumarfrí hafi stefnda minnkað vistunartíma stúlkunnar í fimm klukkustundir, þar sem hún hafi ekki haft efni á fullri vistun. Hafi leikskólanum fundist það miður þar sem þeirra álit var að bakland Y væri ekki nægilega sterkt, þá aðallega hvað varðaði getu móður hennar til að sinna uppeldisþörfum barnsins.

Í apríl 2009 barst tilkynning frá [...] um að Z hafi reynt að kyrkja sig með því að setja belti í höldur á skúffu inni á baðherbergi. Farið var inn á heimilið og fékk Z í kjölfarið sálfræðiviðtöl hjá K, skólasálfræðingi í [...]. Í ágúst s.á. var undirrituð ný áætlun um meðferð máls, sbr. dskj. nr. 10 og 11. Þar var aftur lögð áhersla á SOS-námskeið en stefnda hafði ekki sótt slíkt námskeið þrátt fyrir fyrri áætlanir. Einnig var ákveðið að Z myndi sækja tíma hjá skólasálfræðingi og að stefnda fengi uppeldislega ráðgjöf. Þá var ákveðið að Z færi reglulega heim til tilsjónaraðila þar sem hún fengi aðstoð með heimanám og fleira. Auk þess fór Y til stuðningsfjölskyldu sem var föðurbróðir hennar og fjölskylda hans. Í október 2009 var ástandið á heimilinu orðið, að mati stefnanda, það alvarlegt að ákveðið var að neyðarvista systurnar. Mikil óreiða og óþrifnaður var á heimilinu en stefnda hafði sjálf viðurkennt að þjást af söfnunaráráttu. Stefnda var á þessum tíma afar niðurlát og sagðist eiga við þunglyndi að stríða. Stúlkurnar voru því neyðarvistaðar í rúmlega viku og fékk stefnda tíma til að koma heimilinu í viðunandi horf og fékk daglega stuðning frá starfsmanni til að aðstoða sig á heimilinu. Stefnda bar því við að stúlkurnar væru ekki nógu duglegar að laga til og að það væri ómögulegt fyrir hana að halda heimilinu hreinu með börn sem löguðu ekki til eftir sig.

Í lok október 2009 barst tilkynning frá [...], leikskóla Y, þar sem tilkynnt var um áhyggjur af heimilisaðstæðum Y og að stefnda legði of mikla ábyrgð á dóttur sína.

Í nóvember s.á. var skrifað undir nýjar áætlanir um meðferð máls. Eftirfarandi úrræði voru þá lögð til: Tvisvar í viku átti fjölskyldan að njóta aðstoðar heimaþjónustu við skipulagningu á heimilinu. Heimaþrif átti fjölskyldan að fá einu sinni í viku og stuðningsfjölskyldu fyrir stúlkurnar einu sinni í mánuði. Stefnda átti að mæta í [...], sem er úrræði fyrir geðfatlaða, tvisvar í viku. Á meðan stefnda var í [...] átti Z að vera á frístundaheimilinu [...] og greiddi félagsþjónustan fyrir það. Einnig var talið nauðsynlegt að stúlkurnar færu til tannlæknis en því hafði ekki verið sinnt sem skyldi.

Í mars 2010 barst tilkynning um að Z væri að hóta að svipta sig lífi með eldhúshníf. Í kjölfarið var farið í vitjun á heimilið og kom þá í ljós að stefnda var búin að vera veik. Hún hafði ekki náð að koma stúlkunum á leikskóla og í skóla og var heimilið í slæmu ásikkomulagi. Af þeim sökum var ákveðið að neyðarvista stúlkurnar í annað sinn þar sem stefnda treysti sér ekki til að hafa þær hjá sér. Stefnda íhugaði á þessum tíma hvort Z ætti að fara í fóstur þar sem hún var svo erfið. Stefnda bar því við að stúlkurnar væru ekki nógu duglegar að ganga frá eftir sig og þess vegna væri það ógerningur að halda heimilinu hreinu. Þá voru áhyggjur af því að Z svæfi enn með bleyju og pissaði undir á nóttunni. Stefnda sagði að Z væri með aðskilnaðarkvíða og vildi ekki víkja frá sér og að hún hefði talað um að vilja deyja fyrir ári síðan. Starfsmaður neyðarheimilisins, sem vistaði stúlkurnar á þessum tíma, hafði áhyggjur af því að Z bæri of mikla ábyrgð heima hjá sér. Z talaði m.a. um að þær systur og móðir þeirra myndu deyja af því að þær ættu ekki peninga fyrir mat. Hún sagði einnig frá því að þær ættu að drekka mikið vatn fyrir matinn

Því þá þyrftu þær að borða minna. Z hafði einnig áhyggjur af því að fuglarnir hennar myndu deyja því þeir fengju svo lítinn mat. Þá sagði Z frá því að hún væri áhyggjufull yfir því hvað hún ætti að segja við konurnar þegar hún færi á BUGL. Hún sagði að móðir hennar hefði sagt sér að hún ætti að segja sér líða illa í skólanum en hið rétta væri að henni liði aðeins illa þegar hún væri heima hjá sér.

Í maí 2010 barst svo tilkynning um að mikið drasl væri á heimilinu og að börnunum væri algjörlega misboðið með umgengninni á heimilinu. Stefnnda var á þessum tíma að flytja og var það fyrirverandi leigusali sem tilkynnti. Í júlí s.á. barst svo tilkynning frá vegfaranda sem hafði orðið vitni að börnum í kynferðislegum leik við leikskóla í bænum og voru systurnar þátttakendur í leiknum. Z var með í leiknum og Y fylgdist með. Vegna alvarleika málsins og í ljósi þess að lítið hafði áunnist á heimilinu þrátt fyrir verulegan stuðning var ákveðið að leitast eftir samþykki móður fyrir því að gangast undir foreldrahæfnismat. Stefnnda samþykkti það og var í framhaldi einnig ákveðið að auka stuðningshelgar fyrir stúlkurnar og fóru þær báðar aðra hverja helgi til stuðningsfjölskyldu. Þá samþykkti stefnnda að sótt yrði um fyrir hana í endurhæfingarúrræðinu [...]. Auk þess voru leikskólagjöld greidd fyrir Y.

Foreldrahæfnismat var framkvæmt af sálfræðingunum Helga Viborg og Guðrínu L Guðmundsdóttur um mitt ár 2010. Var því mati skilað 13. september 2010. Eru niðurstöður matsins reifaðar í kaflanum „Álitsgerðir“.

Tillögur matsmanna voru lagðar til grundvallar nýrri áætlun um meðferð máls, dags. 15. október 2010. Markmið þeirrar áætlunar var að ná fram róttækum breytingum á uppeldisadstæðum stúlkanna með þéttari tilsjón inn á heimilið, heimaþjónustu og heimaþrifum auk þess sem stefndu yrði gert að sækja námskeiðið [...]. Einnig að reglulegir samráðsfundir yrðu haldnir með skóla og stuðningsfjölskyldum fyrir báðar stúlkurnar tvær helgar í mánuði ásamt frístundaúrræðum fyrir þær báðar.

Þann 13. janúar 2011 kom stefnnda til fundar hjá stefnanda. Áætlun um meðferð máls var að renna út og því þótti nauðsynlegt að ræða framhaldið. Ljóst var að sá öflugur stuðningur sem lagt var upp með var ekki að skila viðunandi árangri og því óhjákvæmilegt annað en að ræða vistun utan heimilis fyrir stúlkurnar. Stefnnda hafnaði því að fá sama tilsjónaraðila aftur inn á heimili sitt.

Þann 17. janúar 2011 barst tilkynning um óþrifnað á heimili þeirra og þremur dögum síðar fór Y í neyðarvistun. Z var þá mikið veik og stefnnda ekki í nokkru ástandi til að annast stúlkurnar. Þegar hér var komið sögu var það mat starfsmanna nefndarinnar að ekki væri lengur hægt að sættast á að stúlkurnar væru hjá móður sinni.

Þann 28. febrúar 2011 var málið lagt fyrir stefnanda. Þar lagði starfsmaður nefndarinnar til að stúlkurnar yrðu vistaðar varanlega utan heimilis. Samkomulag náðist í kjölfarið við stefndu um að stúlkurnar yrðu vistaðar utan heimilis í sex mánuði eða frá og með 7. mars til 7. september. L, fósturmóðir stúlkanna, hugðist fara með stúlkurnar til [...] og var stefnan sú að Z yrði eftir á [...] hjá föður sínum og fjölskyldu hans. Í lok mars var farið í vitjun á fósturheimilið þar sem félagsráðgjafi ræddi einslega við Z. Þar kom fram skýr vilji hjá henni til að dvelja hjá föður sínum. Starfsfólk stefnanda mat það svo að stúlkurnar hafi verið í betra

jafnvægi en áður, þær hafi litið vel út og verið hraustlegri.

Í lok mars 2011 var stefndu tilkynnt um að búið væri að kaupa flugmiða til [...] fyrir systurnar. Stefnda lýsti þá undrun sinni yfir því að Z ætti að fara til föður síns yfir sumartímamann og sagðist einungis hafa samþykkt að hún færi þangað í heimsókn. Þann 5. apríl s.á. kom stefnda til fundar á Fjölskyldu- og félagsþjónustu R ásamt [...], lögfræðingi sínum. Þar dró stefnda samþykki sitt til baka um vistun Z hjá föður sínum og taldi sig ekki geta samþykkt að hún dveldi þar lengur en í þrjár vikur. Þegar ljóst var að stefnda hafði dregið samþykki sitt til baka var ákveðið að leggja mál þetta fyrir stefnanda í annað sinn. Stefnda kom til fundar hjá stefnanda þann 12. apríl 2011 þar sem lögð var fram greinargerð B félagsráðgjafa. Lögfræðingur stefndu mótmælti því fyrir hennar hönd að Z yrði vistuð hjá föður sínum og einnig að systurnar yrðu aðskildar.

Með úrskurði stefnanda, dags. 20. apríl 2011, var tekin sú ákvörðun að vista stúlkurnar á heimili á vegum stefnanda í allt að tvo mánuði frá og með 15. apríl að telja, sbr. a-lið 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í framhaldi af því var krafist úrskurðar héraðsdóms um að dætur stefndu yrðu vistaðar utan heimilis í 12 mánuði, frá 15. apríl 2011 til 15. apríl 2012. Með úrskurði héraðsdóms, uppkveðnum 7. júlí 2011, í máli nr. U-3/2011, var fallist á kröfu stefnanda og úrskurðað að dætur stefndu skyldu vistaðar utan heimilis í allt að 12 mánuði. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms með vísan til forsendna með dómi uppkveðnum þann 24. ágúst 2011, í málinu nr. 452/2011.

Þann 25. maí 2011, meðan krafa um vistun dætra stefndu utan heimilis í 12 mánuði var til meðferðar hjá héraðsdómi, áttu dætur stefndu að fara í sumarfrí til föður annarrar stúlkunnar á [...]. Þrátt fyrir að úrskurður um vistun stúlkunnanna utan heimilis í tvo mánuði lægi fyrir neitaði stefnda að afhenda barnaverndaryfirvöldum börnin. Stefnda fékk aðstoð frá vinum og ættingjum til að varna því að börnin yrðu tekin af heimili stefndu og þau flutt á heimili fósturmóður. Fór svo að kalla þurfti lögreglu til og voru dætur stefndu teknar af henni með lögregluvaldi og fluttar til fósturmóður. Daginn eftir flugu þær til [...] og voru gerðar öryggisráðstafanir varðandi innritun þeirra í Leifsstöð af ótta við sambærilega uppákomu og daginn áður. Í lok desember 2011 fékk F, faðir Z, bráðabirgðaforsjá yfir dóttur sinni og snýr mál þetta því einungis að Y, en stefnda fer ein með forsjá hennar.

Ítarleg könnun á högum og aðstæðum Y hefur farið fram síðan dómur Hæstaréttar féll í ágúst 2011. Fyrir liggja greinargerðir D grunnskólakennara og G, umsjónarkennara Y, þar sem þær bera báðar um að hafa greint framfarir á námi Y síðan hún fór í fóstur til L fósturmóður sinnar.

Í kjölfarið var óskað eftir því að Helgi Viborg sálfræðingur legði mat á stöðu og líðan Y auk þess að meta tengsl hennar við fósturfjölskyldu og móður. Helgi skilaði sálfræðimati sínu þann 19. mars 2012.

Álitsgerðir.

Foreldrahæfnismat.

Foreldrahæfnismat var framkvæmt af sálfræðingunum Helga Viborg og Guðrínu L. Guðmundsdóttur um mitt ár 2010. Var því mati skilað 13. september 2010. Í matinu segir að vanræksla hafi mismunandi áhrif á börn. Lista matsmenn upp eftirfarandi einkenni: „*Barnið skortir eiginleikann til að upplifa gleði. Sállíkamleg einkenni eins og að pissa undir og naga neglur. Ofsafengin reiðiköst. Léleg sjálfsmynd og sjálfstraust. Deyfð og fáskipti. Einmanaleiki. Tortryggni. Þráhyggjuhegðun. Fullorðinsleg hegðun. Námsferfiðleikar. Einbeitingarskortur. Barnið hengir sig á fullorðna. Barnið myndar tengsl við ókunnuga á opinn og gagnrýnislausan hátt.*“ Var það skoðun matsmanna að meirihluta þessara einkenna megi sjá í fari dætra stefndu. Segir að fyrri athuganir hafi leitt í ljós ókyrrð og erfiða hegðun heima hjá eldri dótturinni en ekki í skóla eða í öðrum aðstæðum. Var eldri telpan á lyfjum vegna ADHD-greiningar og var stefnda ekki í vafa um nauðsyn þess en samt sem áður virtist sem reglusemi varðandi lyfjagjöf væri ábótavant, þ.e. gleymdist oft. Segir í matinu að eldri telpan skorti skýran ramma, öryggi og leiðbeinandi reglur í lífi sínu. Stúlkan viti meira en henni sé hollt um samskipti móður við aðra, eins og föður hennar og starfsmann Barnaverndarnefndar. Þá séu kröfur móður um að barnið axli ábyrgð í heimilishaldi og á námi óraunhæfar miðað við aldur hennar. Samband stefndu sé fremur vinasamband en samband barns og foreldris. Samskipti stefndu við börnin séu á hennar forsendum en ekki þeirra. Kröfur stefndu til telpanna markist mikið af því að losa hana sjálfa við uppeldislega ábyrgð, t.d. varðandi hreinlæti, heimanám og umgengni á heimili. Lýsi þetta litlu innsæi í þarfir telpanna. Stefnda geri telpanar háðar sér með misvísandi skilaboðum um að hún sé þeim góð á sama tíma og hún varpi óeðlilegri ábyrgð á þær og refsir þeim fyrir að sinna ekki því sem venjulegu foreldri beri að sinna. Var það skoðun matsmanna að ef ekki yrðu gerðar róttækar breytingar á uppeldishögum dætra stefndu myndi vandamál þeirra vaxa mjög mikið á næstu árum. Segir svo í matinu að stefnda vilji dætrum sínum vel, hún vilji standa sig en hana skorti hæfni, kunnáttu og skilning. Hún eigi hins vegar erfitt með að skilja stöðu sína og verji hana og hræðist hvers kyns breytingar. Í stað þess að fara að ráðum, sem henni hafi verið veitt, afsaki hún sig, kenni öðrum um og fegri eða réttlæti slæma frammistöðu sína í foreldrahlutverkinu. Vegna þessa var það skoðun matsmanna að stefnda hafi ekki verið í virkri samvinnu við félagsmálayfirvöld og ýmis úrræði frá þeim hafi því ekki skilað árangri.

Lögðu matsmenn til að félagsmálayfirvöld myndu stuðla að margvíslegum breytingum í uppeldisaðstæðum dætra stefndu með gerð samkomulags um verulegar breytingar á heimilishaldi og uppeldisháttum, m.a. sem hér segir: Heimilishald verði skilgreint m.t.t. þrifa, hreinlætis, matmálstíma, svefntíma, heimanáms o.fl. Gerður verði gátlisti um hlutverk og ábyrgð stefndu. Til að ná þessu fram og koma á reglu verði tilsjónaraðili ráðinn með það að markmiði að kenna stefndu án þess að taka yfir ábyrgð af verkefnunum. Þessi stuðningur verði daglegur í nokkrar vikur en minnki svo hægt eftir því sem meiri regla komist á. Sett verði upp skammtíma- og langtímamarkmið og farið yfir þau mánaðarlega og þau endurskoðuð eftir hvernig til tekst.

Að stefnda fari í virka sálfræðilega meðferð og uppbyggingu á sjálfri sér, helst daglegt úrræði. Markmið meðferðar verði ekki einungis að gera stefndu að betri uppeldisaðila, heldur opna farveg fyrir hana persónulega og virkja hæfileika sem

hún býr yfir, t.d. á sviði hannyrða.

Að stefnda fái uppeldisráðgjöf sem miði að því að breyta samskiptum sínum við dætur sínar á þann hátt að hún læri að virða mörk, læri áhrifarík samskipti sem hæfir aldri þeirra og þroska. Einnig að hún læri að nota grundvallaratriði í agastjórnun.

Gert verði nýtt samkomulag um að Z fari í eðlilega umgengni til föður síns og hætti hjá stuðningsfjölskyldu. Samkomulagið verið tímabundið, skipulagt af barnaverndarstarfsmönnum og það metið hvort stefnda vinni gegn umgengninni.

Að Y fari til stuðningsfjölskyldu aðra hverja helgi.

Fundir verði mánaðarlega með kennurum telpnanna, móður og stuðningsaðilum þar sem rætt er hvernig gengur og hvað betur megi fara. Æskilegt er að lækni Z mæti tvisvar á ári á þessa fundi vegna lyfjagjafar hennar.

Að félagsþjónustan styðji X fjárhagslega í samræmi við framgang ofan nefndra atriða, s.s. með greiðslu skólamatar, frístundaheimilis, íþrótt- og tómstundabátttöku og sumarnámskeiða.

Sálfræðimat Helga Viborg sálfræðings.

Með beiðni 16. janúar 2012 fór barnaverndarnefnd [...] fram á að Helgi Viborg legði mat á stöðu og líðan Y auk þess að meta tengsl hennar við fösturfjölskyldu og móður. Helgi skilaði sálfræðimati sínu þann 19. mars 2012. Í niðurstöðum matsins segir að Y hafi verið í fóstri undanfarna mánuði og fyrir liggi að ákvarða hvort framlengja eigi þá ákvörðun. Y sé tæplega átta ára stúlka, glaðleg, jákvæð og þægileg í umgengni. Hún sé grönn og fingerð en samsvari sér ágætlega. Í viðtali sé hún opinská og tjái sig skýrt og greinilega og svari spurningum af einlægni. Samkvæmt listum sem Y, fósturmóðir og kennari hennar hafi útfyllt sé hún eðlilegt barn, laus við hegðunarvanda, sé glöð og vel stödd félagslega en eigi við einbeitingarvanda að etja sem sinna þurfi á réttan hátt. Sjálf beri Y sig vel og sé ánægð með sjálfa sig og stöðu sína. Y hafi farið í gegnum fjölskyldutengslapróf. Samkvæmt því sé Y ráðvillt og órugg um stöðu sína í lífinu og tengsl sín við móður og Z, systur sína. Svörin lýsi yfirdrífinni jákvæðni í garð móður en þó sé meira áberandi öfgafull afneitan á öllum neikvæðum tilfinningum. Slíkt lýsi gjarnan óvissu um stöðu barnsins og hræðslu við að missa tengsl við sína nánustu, í þessu tilviki tengsl við móður og systur. Þessi afstaða Y sé afar eðlileg, sérstaklega ef mið sé tekið af ungum aldri hennar. Y hafi heilbrigða löngun til að móðir hennar geti hugsað vel um hana og að hún geti verið hjá henni. Hún sé hrædd um mömmu sína og beri þess merki að móðir noti veikindi sín til þess að stjórna telpunni og gera hana ábyrga fyrir stöðu sinni og þannig háða sér. Tengsl Y við L, fósturmóður sína, virðist nán og traust.

Þá segir í niðurstöðum að það sé skoðun matsmanns að stefnda, móðir Y, hafi ekki sýnt fram á að hún hafi vilja eða getu til að mæta umönnunarþörfum Y. Y geri sér grein fyrir veikleikum móður sinnar og sé ágætlega sátt við þá reglusemi og umönnun sem hún býi við núna. Móðir hennar sé fjarlæg í hennar daglega lífi og ekki sé hægt að sjá að hún sakni samskipta við móður sína. Vonir um að móðir hennar „verði heilbrigð“ og geti annast hana séu eðlilegar tilfinningar barns en eigi

ekki að ráða og muni líklega valda henni minni og minni hugarangri eftir því sem árin færast yfir hana. Ákvörðunartaka um framtíð hennar muni án efa hjálpa henni að aðlagast enn betur nýjum aðstæðum. Greina megja nokkra áhættuþætti hjá Y. Einbeiting hennar sé ekki góð og hana skorti stefnumið og metnað. Vegna þess sé mikilvægt að umönnun hennar einkennist af reglusemi, uppeldisrammi sé skýr og stuðningur við nám sé mikill.

Sálfræðileg álitserð Einars L Magnússonar sálfræðings.

Þann 26. júní 2012 var Einar Ingi Magnússon, sálfræðingur dómkvaddur að beiðni stefndu til að framkvæma sálfræðilega álitserð og var hún lögð fram í málinu 1. nóvember sl. Fór matsmaður yfir fyrirliggjandi gögn málsins og fór yfir með lögmönnum fullyrðingar stefnanda um að dagleg umönnun af hálfu stefndu hafi verið ónóg og m.a. að persónulegu hreinlæti telpunnar hafi verið áfátt þegar hún bjó hjá henni. Einnig að stefnda geri of miklar kröfur til dóttur sinnar og að spurningar hafi óhjákvæmilega vaknað um hvort stefnda hafi innsæi í þarfir og raunverulega getu dóttur sinnar. Jafnframt hafi verið rætt um þær stuðningsaðgerðir sem hafi staðið stefndu til boða og hvernig þær hafi nýst henni en ályktun barnaverndaryfirvalda var sú að þær hafi skilað litlum árangri.

Þau gögn sem matsmaður skoðaði einnig var sálfræðileg matsgerð Valgerðar Magnúsdóttur sálfræðings, dags. 18. maí 2012, sem var lögð fram í forsjármáli X og F vegna Z, eldri dóttur stefndu. Er þar m.a. fjallað um forsjárhæfni stefndu, einkum gagnvart Z, en tekur væntanlega einnig almennt til Y. Sálfræðingurinn telur í því mati að stefnda hafi sýnt vanrækslu og ekki sinnt foreldrahlutverki sínu eðlilega þrátt fyrir margvíslegar stuðningsaðgerðir á heimilinu. Hún vilji dóttur sinni vel, þyki vænt um hana og vilji vera í samvistum við hana en skorti hæfni og kunnáttu til að sinna móðurhlutverkinu þannig að viðunandi sé og að hana skorti grundvallarskilning á stöðu sinni og telpnanna. Forsjá Z gekk til föður með réttarsátt 20. júní 2012. Álitserð þessi taki því einungis til stúlkunnar Y.

Lagði matsmaður fyrir stefndu greindarpróf Wechslera fyrir fullorðna, greindarpróf Ravens, MMPI/2, personality Assessment Inventory (PAI), spurningalista til sjálfsmats (STAI/ Spielberger), viðbrögð við ögrun (Novacos Anger Scale), tengslamat foreldris og barns (Parent-child Relationship Inventory/PCRI) og álagspróf fyrir foreldra (Parenting Stress Index/Abidin).

Niðurstöður úr ofangreindum prófum sýndu að stefnda kom vel út úr greindarprófum. Við mat á persónuleika hennar segir m.a.: „*Fram kemur að X skortir nægileg innri bjargráð til þess að breyta sér og aðstæðum sínum þótt hún hafi fengið ábendingar um að þess væri þörf. Slík staða leiðir auðveldlega til aðlögunarvanda en niðurstöður prófsins bera þess merki að X hafi leitt þær ábendingar hjá sér. Hún hefur t.d. mjög óþvinguð viðhorf til ábyrgðar og skyldurækni og má ætla að hún túlki framlag sitt á slíkum sviðum að eigin geðþótta hverju sinni.*“ Í niðurstöðum um sjálfsmat segir í matinu: „*X gefur þá mynd af sér að hún sé vel aðlöguð, látlaus, opin og einlæg í félagslegum samskiptum og aðstæðum en að hún sækist ekki eftir að vera áberandi eða leiðandi í slíku samhengi. Hún kys fremur að vera í bakgrunninum og láta lítið á sér bera. Hægt er að draga þær ályktanir á grundvelli prófsins að X ráði ekki nægilega vel við þá streitu sem hún skynjar frá umhverfinu og mögulega má setja það í samhengi við þá erfiðleika sem hún hefur þurft að takast á við í lífinu. Almenn virðist X vera*

ánægð með hlutskipti sitt í lífinu og sjálfa sig eins og hún er. Hún sér því takmarkaða ástæðu til breytinga á persónuleika sínum og hegðun.“

Í niðurstöðum um mat á viðbrögðum við ögrun segir matsmaður að niðurstöður matslistans í heild bendi til þess að X meti reiðitilfinningar sínar og reiðitjáningu þannig að þær séu fremur bundnar eigin persónuleika og hegðunarmynstri en að kveikjan sé einstök félagsleg áreiti eða ákvarðist af athöfnum annarra.

Við mat á foreldraálagi segir í matinu: „*Niðurstöður matslistans í heild sýna ekki marktæk frávik og eru niðurstöður almennt innan meðaltalsmarka eða jafnvel neðan við þau mörk, sem gæti bent til óvenju lítills álags í uppeldinu. ... Almennt má segja að mælt álag af uppeldinu mælist vel innan meðaltalsmarka og jafnvel þannig að það gæti bent til óvenju lítills álags í uppeldinu. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að langt er um liðið síðan Y bjó samfellt hjá móður sinni og daglegar kröfur um uppeldi og umönnun móður gagnvart telpunni voru að jafnaði til staðar. Líklegt er því að núverandi mat X á uppeldislegu álagi taki mið af umgengni þeirra mæðgna sem hefur farið minnkandi undanfarin misseri m.a. vegna umkvartana telpunnar um skort á umönnun.“*

Í niðurstöðu kaflans um tengslamat foreldris og barns segir m.a. „*Í heild er niðurstaða prófsins sú að X telur sig njóta þess að vera foreldri og hafa sveigjanleg viðhorf til kynjanna hvað varðar barnauppeldi. Henni finnst einnig að hún fái eðlilega örvun og umbun frá telpunni sem foreldri, hún telur sig einnig vera nokkuð vel inn í lífi hennar og að boðskipti þeirra mæðgna sé eðlileg. Hún getur jafnframt sett dóttur sinni mörk og hvetur hana og styður til sjálfstæðis. Við nánari skoðun virðast þó ýmis svör standast illa og vera ónákvæm, þótt sjálfsegrun mælist ekki marktæk. Þannig svarar X því játandi að hún eyði mjög miklum tíma í samveru með dóttur sinni þótt hún hafi takmarkaða umgengni. Annað dæmi er að telpan segi móður sinni að jafnaði ef eitthvað angrar hana. Engin slík tengsl gætu verið fyrir hendi í strjálum umgengni. Jafnframt telur X sig aldrei hafa átt í neinum vanda með dóttur sína sem samræmist illa veruleikanum. Fleiri einstök dæmi eru af þessum toga.“*

Við mat á viðhorfi móður til foreldrahlutverksins og tengslum hennar við dótturina kemur fram að stefnda segist ekki hafa verið í neinum tengslum við barnaverndaryfirvöld í [...] heldur aðeins haft aðstoð frá Félagsþjónustunni. Aðspurð tilgreinir X þrjár ástæður fyrir inngripum barnaverndaryfirvalda í fjölskyldumál sín í R. Í fyrsta lagi hafi faðir Z, eldri dóttur hennar, kært X til barnaverndaryfirvalda þar sem hann hafi sóst eftir forsjá hennar. Í annan stað hafi Z hótað að drepa sig sem leiddi einnig til afskipta. Í þriðja lagi hafi barnaverndaryfirvöld talið X sjálfa ekki nógu góða móður, sama hvernig hún hafi reynt að bæta sig, t.d. hafi hún hætt söfnunaráráttu. Almennt telji hún sig hafa breyst mjög í þá átt sem barnaverndaryfirvöld hafi krafist, þótt hún leggi áherslu á að hún hafi í reynd aldrei fengið skýr skilaboð um hvað væri raunverulega að hennar uppeldisháttum, fyrir utan það að bent hafi verið á draslið heima hjá henni. Þetta þriðja og síðasta aðfinnsluatriði hafi bæst við vorið 2012. Þá hafi hún allt í einu verið skilgreind sem vanhæf móðir. X kveðst aldrei hafa fengið á hreint í hverju vanræksla hennar gagnvart dætrum sínum væri fölgín. Í því sambandi hafi verið rætt um að hún vissi ekki hvað væri næringarríkur matur. Hún hafði hins vegar alltaf heitan mat á kvöldin en barnaverndaryfirvöld hafi ekki hlustað á það. Einnig hafi henni verið tjáð að hún léti sínar eigin þarfir ganga fyrir þörfum dætra

sinna en hún hafni því og telji að ekki hafi verið bent á nein haldgóð dæmi þess. Loks nefni hún að það sé skrítið að hún hafi talist í góðu lagi sem uppalandi í [...] en ekki í R. X álíti að dætur hennar hafi talið sig sjálfar eiga sök á því að þær voru teknar af heimilinu, því þær hafi verið óhlýðnar og ekki viljað taka til o.fl. Hún segist heldur ekki vita hvernig barnaverndarnefnd reyndi að útskýra þessi inngríp fyrir þeim. Að mati stefndu hefði mátt reyna enn betur af hálfu barnaverndaryfirvalda en gert var áður en málið varð að dómsmáli en hún hafi verið undir miklum þrýstingi áður en telpurnar voru teknar af heimilinu á sínum tíma. Stefnda kveðst einnig hafa vissar áhyggjur af aðstæðum á fósturheimili Y. Hún sé þess fullviss að það sé illa um sig talað á því heimili sem spilli tengslum hennar og dóttur sinnar. Hún segist ekki geta litið á fósturmóðurina sem hlutlausan starfsmann barnaverndaryfirvalda. Hún sé ef til vill að reyna að ná telpunni til sín. Telpan hafi það t.a.m. eftir henni að hún muni aldrei flytja heim til móður sinnar aftur. Auk þess finnst X að ekki séu nægar kröfur gerðar til fósturmóðurinnar. Y segi t.d. móður sinni að hún fái alls kyns skyndimat á fósturheimilinu auk þess sem hún sofi uppi í rúmi hjá fósturmóður sinni.

Þá kemur fram í matinu að stefnda telji sig vera fullfæran uppalandi. Hún hafi fróðleik sinn um uppeldi úr bókum og námskeiðum, s.s. „SOS fyrir foreldra“ og „Töfrar einn-tveir-þrír“. Hún hafi einnig fróðleik sinn frá ættingjum og vinkonum. Loks hafi hún starfað á leikskólum, bæði í [...] og á höfuðborgarsvæðinu. Hún telji sig því þekkja til uppeldis frá ýmsum hliðum. Í barnauppeldi leggi stefnda mesta áherslu á stöðugleika, t.d. hvað varðar reglulega matar- og svefntíma, heimanám og útivistartíma. Annars þurfi að gilda almennar reglur. Almennt finnst stefndu það góðir eiginleikar foreldra að geta staðið við það að vera ákveðnir og ekki meyrir. Það sé hins vegar óæskilegt í augum X að láta allt eftir börnum og hafa enga reglu á hlutunum og ofvernda þau; að láta börnin stjórna. Styrkleikar stefndu sem foreldri, að eigin mati, felist í því að veita dætrum sínum ást, umhyggju og skilning, að geta hlustað á þær og verið til staðar ef þær lendi í vanda og jafnframt að þær geti leitað til hennar þegar þess þurfi. Stefnda telji sig hafa þessa eiginleika til að bera í ríkum mæli og kveðst hafa lagt áherslu á þetta við dætur sínar. Þá hafi stefnda átt auðvelt með að sýna dætrum sínum væntumþykju. Hún hafi kysst þær og knúsaði mikið og segi þeim að hún elski þær. Stefnda segist hins vegar hafa átt torvelt með að setja dætrum sínum mörk. Hún eigi erfitt með að vera ströng, hvað þá að beita refsingum. Hún sé meyr og viðkvæm og þoli illa að horfa á barn gráta. Stefnda telji að sér hafi tekist ótrúlega vel upp með uppeldi dætra sinna almennt án stuðnings en að slakur agi og eftirgjöf á vissum sviðum hafi verið veiki hlekkurinn. Þegar stefnda þurfti að setja mörk eða refsa þeim hafi hún gert það á eins vægan hátt og mögulegt var. Hún hafi tekið af þeim leikföng, leyfði þeim ekki að horfa á sjónvarp eða fara út að leika sér. Hún hafi ávítað þær einnig og hækkaði röddina. Ef óhlýðnin hafi verið mikil hafi hún sent þær inn í herbergið sitt. Hún hafi að jafnaði reynt að útskýra fyrir þeim hvers vegna hún brygðist við á þennan hátt en viðurkenni að hún hafi verið mjög meðvirk og ekki nógu ákveðin. Stefnda telji að það sé vilji Y að flytja á heimili hennar á ný. Telpan sé hreinskilin og segi umbúðalaust það sem hún meini. Stefnda telji að þær mæðgur þurfi þá að vera í friði fyrir afskiptum barnaverndaryfirvalda ef af því verði og að telpan verði ekki tekin aftur af heimilinu. Stefnda kveðst einnig vera búin að skipuleggja umgengni Y við föður og föðurfólk sitt austur á Egilsstöðum. Hún hafi farið reglulega austur áður fyrr, að hennar sögn. Almennt séð telji stefnda að hún geti búið dóttur sinni mjög góða framtíð. Hún muni gera allt til þess að stuðla að þroska hennar og menntun, auk þess að veita henni öryggi, ástúð og umhyggju. Stefnda telji að Y

þarfnist fyrst og fremst ástar og umhyggju um þessar mundir, öryggis og stuðnings, einkum í skólanáminu, en hún sé enn að finna sig í náminu. Í framhaldinu þarfnist hún aukinnar hvatningar og þá telji stefnda að það reyni meira á sig sem móður. Telpan sé bráðþroska svo hún sé fljót að taka breytingum og þá þurfi félagslegt umhverfi hennar að vera í samræmi við það. Stefnda nefni sem dæmi að henni finnist ýmis leikföng, sem hún eigi, vera orðin mjög barnaleg. Og þegar fram líði stundir þurfi að hyggja að framhaldsskóla og stefnda vilji eindregið hvetja dóttur sína til þess að feta menntavegin en ekki neyða hana til þess ef hún kjósi að gera eitthvað annað. Stefnda vilji sjá dóttur sína í framtíðinni sem góða, sjálfsörugga konu sem viti hvað hún vill í lífinu og láti ekki aðra stjórna sér. Að hún geti hlustað á aðra og metið hvað sé rétt og rangt. Þá kemur fram í matinu að stefnda segi samverustundir þeirra mæðgna felast m.a. í því að þær þerli saman og búi til mynstur sem séu í munsturbókum. Einnig hafi telpan gaman að barbí, playmó og púsli. Stefnda sé jafnframt að reyna að vekja áhuga hennar á gamaldags borðspilum. Önnur áhugamál Y séu fótbolti, sund, dans og hugsanlega fimleikar og margvísleg félagsleg tengsl. Helstu færnisvið hennar og styrkleikar renni af þessum rötum og séu íþróttatengd auk þess sem félagsfærni hennar sé mikil. Aðspurð um vinkonur Y segist stefnda ekki þekkja þær svo vel núna. Stefnda kveðst ekki vita um neina sérstaka veikleika eða vandamál hjá Y dóttur sinni en henni finnist hún þó mun viðkvæmari og spenntari en áður. Það birtist með þeim hætti að hún hiki meira við að umgangast annað fólk og sé meira á varðbergi gagnvart því að særa aðra.

Spurð út í umgengni þeirra segir stefnda að Y hafi farið af heimilinu í febrúar/mars 2011 og þá með eldri systur sinni. Þær hafi þá farið beint til núverandi fósturmóður sem búi í R. Umgengni hafi þrengst á þessu tímabili. Dæturnar komu fyrst til móður sinnar og dvöldu yfir helgi frá föstudegi til sunnudags á hálfsmánaðar fresti fram til maíloka sama ár. Þá breyttist umgengnin og stefnda hitti dætur sínar ekkert fram til septemberloka. Stefnda segi ástæðuna sér ókunna. Í framhaldi af þessu hafi verið umgengni einu sinni í mánuði frá föstudegi til sunnudags sem varði alveg fram í apríl 2012. Þá þrengdist umgengnin enn frekar í það sem hún er nú. Stefnda segir ástæðuna hafa verið þá að hún hafði ekki heitan mat í hádeginu og lagði ekki fallega á borð. Stefnda kveðst ekki vita um frekari breytingar varðandi umgengnina og segist ekki hafa verið til samvinnu við barnaverndaryfirvöld um breytingarnar fram til þessa. Hún hafi oft farið fyrir fund nefndarinnar og verið neydd til að samþykkja nýtt fyrirkomulag. X telur ótvírætt að dóttir sín vilji gista hjá sér.

Matsmaður fór á heimili stefndu og var ætlunin að hitta þær mæðgur saman 28. júlí 2012. Segir í matsgerðinni að stefnda hafi búið í félagslegu húsnæði á vegum R að [...]frá 1. júlí 2011. Húsið sé tveggja hæða fjölbýlishús og búi stefnda á jarðhæð. Móðir hennar búi í sama húsi. Íbúðin sé u.þ.b. 100 fermetrar á stærð. Gengið er inn í lítinn forgang en þaðan er gangur inn í stofu og opið eldhús. Svefnherbergi stefndu sé á vinstri hönd en svefnherbergi Y á hægri hönd. Gengið sé inn í herbergi Z úr stofunni en það herbergi hafi verið læst. Við komu matsmanns hafi verið talsverð óreiða og ótiltekið í allri íbúðinni. Óreiðan hafi þó ekki verið yfirþyrmandi í stofu og eldhúsi. Þar hafi heldur ekki verið mikil óhreinindi, gólf hafi verið hrein og helsti húsbúnaður. Hins vegar hafi vakið athygli matsmanns að mjög óskyldum hlutum ægði alls staðar saman, jafnt í stofu sem í herbergjum og einnig úti í horni garðskikans sem sé afgirtur fyrir hverja íbúð á jarðhæð. Þar hafi einnig verið brennt og ónýtt grill og var nánasta umhverfi ekki snyrtilegt. Í svefnherbergi stefndu hafi verið mikið af óflokkuðum hlutum fleygt saman. Matsmaður hafi aðeins fengið að horfa þar inn andartak en að öðru leyti hafi það verið lokað. Í eldhúsi, sem sé opið

inn í stofu, hafi verið mikið af ófrágengnum hlutum sem áttu sumir hverjir varla heima í eldhúsi. Hins vegar var ekki óeðlilega mikið af óhreinum matarílátum. Stefnda hafi sagst hafa undanfarna daga verið að taka til og hafi m.a. annars sett upp nýjar gardínur fyrir 1-2 glugga deginum áður. Inni í herbergi Y hafi verið kommóða með þrem til fjórum skúffum með alls kyns smádóti sem Y hafi rótað í án þess þó að vera að leita að einhverju sérstöku. Nokkuð stórt og völdugt rúm hafi verið í herberginu sem tók talsvert rými. Stefnda kvaðst ætla að skipta því út fyrir annað og betra rúm síðar meir. Herbergi telpunnar hafi engin undantekning verið frá íbúðinni í heild; ekki teljandi óhreinindi en lítil reiða á hlutunum og handahófskennt skipulag. Þegar matsmann bar að garði hafi Y legið og buslað í lítilli vatnslaug úr plasti úti við framan við stofudyrnar á garðskikanum. Samskipti þeirra mæðgna hafi verið vinsamleg og hlýleg á báða bóga og þær rætt sama um heima og geima, um það sem fyrir augu bar, sameiginlega reynslu úr fortíðinni, sem þær systur og stefnda höfðu gert saman og ekki síst upplifun sína af hvalavöðu sem hafði synt upp í fjöruna í næsta nágrenni við þær fyrr um daginn og þær farið að skoða. Þær hafi einnig rætt um einhver leikföng og hluti sem Y átti hjá móður sinni. Telpa var almennt mjög hress og opin. Öll samskipti þeirra mæðgna hafi verið eðlileg og án þvingunar, enda ekki reynt á neina spennu eða togstreitu í stuttri umgengni.

Í kaflanum „Samantekt um X“ segir meðal annars: „Niðurstöður sálfræðilegra mælinga sýna að X er almennt í meðallagi greind og er mun sterkari á sjónrænu og verklegu sviði en því munnlega sem er mun næmara fyrir og mótast frekar af skólagöngu viðkomandi en sjónræna sviðið. Marktækur styrkleikamunur mælist í greindarfarinu sem kynni að draga úr fullum slagkrafti vitsmunalegrar getu en engin einkenni seinþroska mælist þótt ýmsir þættir sem byggja á athygli og einbeitingu mælist lægri en aðrir.

Sú mynd sem X dregur upp af sér í persónuleikaprófum einkennist af sterkum vörnum; sjálfsfegrin og varnarháttunum afneitun, réttlætingu og frávarpi. Hún hefur slakt innsæi einkum á eigið tilfinningalíf; þunglyndiseinkenni bæði líkamleg og andleg eru t.d. mun sterkari en hún vill gangast við. Hún á einnig erfitt með að setja sig í spor annarra og átta sig á viðbrögðum þeirra. Mannskilningur hennar er einnig neikvæður og ósveigjanlegur. Fram koma innibýrgðar reiðitilfinningar; sterk einkenni félagsfælni, mikil stífni og þröng áhugasvið. Hún á erfitt með að takast á við félags- tilfinningalega streitu og á í erfiðleikum með að mynda náin tilfinningatengsl. X skortir nægileg innri bjargráð til þess að breyta sér og aðstæðum sínum þótt hún hafi fengið ábendingar um að þess væri þörf. Hún virðist túlka ábyrgð og skyldurækni að eigin geðþótta hverju sinni. Almennt virðist X vera ánægð með sjálfa sig eins og hún er. Hún sér því takmarkaða ástæðu til breytinga á persónuleika sínum og hegðun.

Niðurstöður matslista um kvíða sýna takmarkaðan meðvitadan kvíða en stefndu finnst hún ráða illa við þann vanda sem hrannast upp. Matslisti um reiði sýnir í heild að reiðitilfinningar og reiðitjáning stefndu eru fremur bundnar persónuleika hennar og hegðunarmynstri en einstökum félagslegum áreitum eða ákvarðast af athöfnum annarra. Slíkt endurspeglar oftast þrálátan (krónískan) reiðivanda.

Niðurstöður tveggja prófa um tengsl við dótturina sýna að stefnda metur þessi tengsl traust og eðlileg. Jafnframt telur stefnda sig aldrei hafa átt í neinum vanda með dóttur sína sem samræmist illa veruleikanum. Þegar einstök atriði prófsins eru

könnuð nánar standast þau mörg illa raunveruleikann. Mat stefndu á uppeldislegu álagi Y samræmist betur umgengni þeirra mæðgna nú fremur en samfeldri dvöl hennar á heimili móður áður fyrr.

Í viðhorfum stefndu til foreldrahlutverksins telur hún sig fullfæra til að annast uppeldi dóttur sinnar; hún hefur styrkleika til þess. Veikleikar hennar felast hins vegar í því að hún eigi erfitt með að setja henni mörk. Stefnda setur slíkt hins vegar ekki í neitt samband við vanrækslu, markaleysi eða slaka uppeldisstjórn og telur sig geta boðið dóttur sinni bjarta framtíð.

Vitjun matsmanns á heimili stefndu var undirbúin með löngum fyrirvara með það fyrir augum að hitta þær mæðgur saman í umgengni og sagðist stefnda ætla að taka rækilega til og setja upp gardínur áður en matsmaður kæmi. Heilmikil óreiða var á heimilinu en ekki óeðlileg óhreinindi eða sóðaskapur nema utandyra á afgirtu garðsvæði. Samband þeirra mæðgna virtist vera jákvætt og hlýlegt við umgengnisaðstæður.

Fyrir Y lagði matsmaður fjölskyldutengslapróf (Family Relation Test/Bene-Athony) og mat á fjölskyldutengslum (Family Relationship Inventory). Þá ræddi matsmaður við Y. Kvaðst hún hafa átt heima svolítið lengi hjá L en hún fari stundum að heimsækja mömmu sína. Hún segi að sér líði vel heima hjá L og að hún sé skemmtileg og að hún eigi vini þar en ekki heima hjá móður inni. Hún kalli L stundum mömmu. Hún segir Z eldri systur sína hafa farið fyrst til L og svo hún. Ástæðan fyrir því að þær systurnar hafi farið væru þær að móðir þeirra hafi aldrei tekið til og hún gæfi þeim ekki nægilega mikið að borða. Að öðru leyti muni hún mjög lítið eftir þeim tíma þegar hún bjó hjá móður sinni. Hún segist fara kannski til mömmu sinnar aftur og mamma hennar segir henni að hún sé að berjast fyrir því að hún komi aftur til sín. Henni finnst þó eins gott að búa hjá L eins og mömmu sinni. Aðspurð um hvernig hún sofi segist Y vakna oft upp á nóttunni og reyni þá að sofna aftur. Hún kjósi að sofa uppi í hjá L, því hún hafi fengið martraðir þar en einnig hjá móður sinni. Hún segist sakna Z systur sinnar mjög mikið. Aðspurð um inntakið í umgengninni hjá móður sagði Y þær fara ef til vill í göngutúra út í búð og svoleiðis. Hún segist fá þann mat hjá móður sinni nú sem henni finnst góður. Hún fái t.d. kókomjólk með rjóma, beikon í hádeginu og fisk með hrisgrjónum, hamborgara eða pizzur um kvöldið. Einnig fái hún cheerios í morgunmat. Y segi að hún hafi verið byrjuð í skólanum þegar hún bjó hjá móður sinni og aðspurð um nesti segist hún hafa fengið grænmeti hjá henni eins og hjá L. Y segist eiga margar vinkonur í skólanum. Hún fari stundum heim til einnar þeirra og sú vinkona heimsæki hana. Henni finnst gaman í skólanum.

Mat á fjölskyldutengslum frá sjónarhóli Y hafi verið könnuð á formlegan hátt með tvenns konar mötum sem voru: a) *Fjölskyldutengslaprófið* (FRT). Niðurstöður úr því prófi sýni að Y myndi sterkustu tengslin við móður sína, þá Z systur sína en mæld tengsl við aðra, s.s. L fósturmóður sína og móðurbróður, séu rýr. Þá sé það afar athyglisvert að öll tengslin sem Y upplifi, bæði af sinni hálfu í garð móður og af hálfu móður í hennar garð, séu eingöngu jákvæð og tilfinningarnar séu bæði vægar og sterkar. Ef rýnt sé frekar í einstök atriði tengslaprófsins snúist þau um félagslega og tilfinningalega nánd og líkamlega snertingu af hálfu telpunnar. Móðirin svari þessum tengslum dóttur sinnar með því að hampa henni, hlusta á hana, hjálpa henni auk þess að leika við hana. Hún sýni henni einnig umhyggjusemi og ástúð í orðum sem æði. Tengsl Y gagnvart Z systur

sinni séu einnig sterk. Mest beri á jákvæðum félagslegum tengslum og leikjatengslum en einnig virðist hún samsama sig við móður sína og hafa áhyggjur af velferð, öryggi og hagsmunum Z. L, fósturmóðir Y, komi einnig við sögu en mæld tengsl séu afar rýr en jákvæð. Henni finnist fósturmóðir sín afar hjálpsöm. Viðhorf til móðurbróður sé einnig rýrt en fremur neikvætt og telpunni finnst frændi sinn vera stundum fljótur að reiðast. Y ýti hins vegar frá sér langstærsta hluta tilfinningaflórunnar í prófinu, bæði jákvæðum og neikvæðum tilfinningatengslum og virðist ekki geta fundið þeim neinn farveg innan fjölskyldunnar. b) *Fjölskyldutengslamatið* (FRI). Niðurstöður matsins sýni að Y myndi sterkustu heildartengslin við móður sína, L fósturmóður sína og Z systur sína. Þessi tengsl séu að langmestu leyti jákvæð en þó séu einstök neikvæð atriði höfð með eða athugasemdir settar fram. Tengslamynstrið gagnvart móður byggist á sterkum tilfinningum, löngun til félagslegra nálægðar, þægilegri samveru, snertingu og gleði. Y segir móður sína hins vegar taka tapi illa.

Tengslin við Z endurspegli jákvæð samskipti þeirra systra og gleðistundir og sameiginlegar vinkonur. Y kvarti þó undan því að systir hennar segi henni ekki alltaf satt.

Tengslin við L séu blendin en þó meira jákvæð en neikvæð. Þau felist í því að L geri hana ánægð; hlusti á hana og segi henni sannleikann, hún standi við loforð og kunni að meta skemmtilegar sögur. Hún taki hins vegar ekki alltaf mark á Y og láti hana erfiða meira en Y vill.

Tengsl við aðra tilgreinda, s.s. við móðurömmu, séu rýr og blendin og Y virðist ekki hafa skýra mynd af henni. Tengsl við H, uppkominn son L fósturmóður hennar, séu hins jákvæð en ekki sterk.

Í samantekt um stúkuna Y segir að hún sé mjög opin og lífleg átta ára gömul telja sem sé til góðar samvinnu og tjái sig hiklaust um það sem henni finnist og hún sé spurð um. Hún komi vel fyrir, virðist vel nærð og eðlilega þroskuð líkamlega og andlega og sé klædd við hæfi. Hún hafi verið beðin um að segja undirrituðum hvað henni fyndist sjálfri og ekki hugsa um að segja matsmanni annaðhvort það sem mamma hennar eða L hefðu sagt henni að segja, ef það væri eitthvað. Y hafi fallist á það.

Frásögn telpunnar og prófaniðurstöður megi annað tveggja túlka þannig að hún tengist nokkuð stöðugt fósturmóður sinni og heimili hennar, t.d. uppkomnum syni hennar sem búi þar meira. Hún sé einnig mjög bundin móður sinni og Z systur sinni sem hún segist sakna mjög mikið. Tengslin við stefndu séu afar einsleit og eingöngu jákvæð sem bendi til þess að þau séu mjög viðkvæm og brothætt og endurspegli talsverða innri togstreitu telpunnar ekki síst þegar heildartengslamynstur Y á prófinu sé skoðað. Þar sé hún talsvert áttavillt og finni ekki mörgum jákvæðum og fæstum neikvæðum tilfinningum sínum farveg innan fjölskyldunnar. Einnig kveðst telpan ekki muna þann tíma sem hún bjó hjá móður sinni og móðir hennar segir henni frá kröfum sínum um að endurheimta hana til sín. Hér gæti verið um sektarkennd og meðvirkniseinkenni að ræða. Einnig sýni prófið áhyggjur telpunnar af eldri systurinni af sjónarhóli móðurinnar.

Eðlilegt tengslamynstur gagnvart foreldri sé þegar bæði sterk og væg jákvæð tengsl séu í meirihluta en einnig í bland við væg neikvæð tilfinningatengsl. Slíkt sýni

yfirleitt þá uppeldislegu ramma og leiðsögn sem foreldri beini að barninu og það þurfi að mótast af og sé ekki alltaf sátt við. Engin slík viðbrögð komi fram hjá Y gagnvart móður sinni. Í þeim samanburði sé tengslamynstur telpunnar við fósturmóður sína, þótt rýrara sé, mun eðlilegra.

Matsmaður ræddi við fósturmóður Y á heimili hennar 28. júlí sl., um tildrög þess að Y kom fyrst á heimili hennar og stöðu telpunnar þá og nú. L kvað þær systur hafa komið til sín fyrst fjórum til fimm dögum fyrir jól 2010 og þá hafi barnaverndaryfirvöld krafist þess að stefnda tæki til á heimilinu. Það hafi verið ógeðsleg lykt og mikið af drasli á heimilinu og allt úti um allt. Einnig hafi verið mikill sóðaskapur og skitu kötturinn og páfagaukur, sem var laus, yfir allar hrúgurnar. L hafi þekkt til heimilisins því að Z, eldri systirin, hafði verið hjá henni aðra hverja helgi í einhvern tíma áður.

Eftir áramótin 2011 hafi verið haft samband við L og hún beðin um að taka systurnar til sín síðdegis eftir skóla virka daga fram til kl. 16. Þrátt fyrir allar aðgerðir barnaverndaryfirvalda og tilraunir til breytinga þá hafi heimilisaðstæður hjá stefndu ekki breyst og það leitt til þess að telpurnar báðar voru komnar á heimili L í apríl 2011. Z hafi svo farið til föður síns í maí í umgengni erlendis og stefnda verið það ósátt við þá ráðstöfun að beita þurfti lögregluvaldi til að koma umgengninni á.

Matsmaður ræddi einnig við L, fósturmóður barnsins, og hefur eftir henni að talsverðar breytingar hafa orðið á Y eftir að hún flutti inn á heimili hennar. Í mars, apríl og maí 2011 hafi þær búið saman á heimili L og farið í umgengni til stefndu á hálfmánaðar fresti þá mánuði. Eftir átökin við X vegna umgengi Z við föður sinn hafi Y ekki hitt móður sína sumarið 2011 eða frá maí fram til september. Þá hafi margvíslegir og góðir hlutir gerst. Það hafi tekist að laga mjög lélega næringarstöðu telpunnar en hún hafi verið illa líkamlega á sig komin. Einnig hafi L sagt að þau föt sem Y kom í til sín sex ára gömul hafi verið á þriggja ára barn, of lítil og of þröng. Auk þess hafi hún átt mjög lítið af fötum. Það hafi þurft að kaupa á hana öll föt. Jafnframt hafi þurft að taka til hendinni með aðstoð við lærdóm skólaárið 2011 til 2012. Hún hafi náð verulegum framförum á skömmum tíma í lestri, farið út 15 einingum í 95 einingar á haustönn. Eftir áramótin hafi stærðfræðin verið tekin í gegn og um vorið hafi hún fengið 7,5 í einkunn.

Haustið 2011 hafi umgengni Y við móður sína verið á hálfmánaðar fresti og gisti hún þá eina nótt. Telpa kvartaði þá undan matarleysi á heimili móður sinnar og leið henni mjög illa. Hún hafi farið að hágráta þegar hún kom út í bíl til L þegar hún sótti hana úr umgengninni. L telur að ýmis eftirköst séu frá þessum tíma í lífi telpunnar og jafnframt fyrri reynslu. Hún segir hana vera rétt núna, sumarið 2012, að slaka á en hún hafi haft verulega miklar martraðir, öskrað stundum og slegið frá sér. Þessi hegðun sé sterkust í nokkrar nætur eftir að hún komi úr umgengninni frá móður. Úr þessu hafi dregið, umgengninni hafi verið breytt og hún stýtt í einn dag í júní sl.

Þá segir matsmaður að L hafi einnig gert inntak umgengninnar að umtalsefni. Hún segi þær mæðgur gera oft lítið saman. Þær fari þó í sund saman. Það sé það helsta sem L viti um að X geri á forsendum telpunnar. Hún segist t.d. vita til þess að X hafi einhver skipti í umgengninni verið að skutlast með fullorðna frænku sína alls kyns erinda á bílnum og Y hafi óhjákvæmilega verið látin fylgja með án þess að

hafa nokkra ánægju af. L finnst þetta lýsa skilningsleysi X á þörfum dóttur sinnar. L nefni einnig að þegar Y komi úr umgengni frá móður sinni þá heyrir hún að X hafi talað hana til og rætt við hana á þann veg að telpan sé í þann veginn að flytja til hennar á ný og L finnst erfitt að bregðast við því.

Í kaflanum samantekt og ályktanir um forsjá stúlkunnar Y segir í niðurstöðum matsmanns: „Undirritaður matsmaður var kvaddur til að meta forsjárhæfni X og tengsl hennar við dótturina Y.

Í þessari álitsgerð hafa aðstæður og einstaklings- og félagssaga móðurinnar X verið raktar og niðurstöður greindar-, persónuleika- og tengslaprófa hafa verið reifaðar. Auk þess gerði X grein fyrir viðhorfum sínum til foreldrahlutverksins og tengsla sinna við dótturina Y. Matsmaður fór einnig í vitjun á heimili hennar. Þá var rætt við telpuna sjálfa og tengslapróf lögð fyrir hana. Loks var rætt við fösturmóður telpunnar en hún hefur haft tengsl við hana vegna vistunar til skemmri og lengri tíma frá 2009. Loks er vitnað til eldri gagna í málinu auk stefnu og greinargerðar móður.

Helstu niðurstöður matsmanns eru þær að hann telur móður hafa skerta forsjárhæfni og að stúlkunni Y sé ákveðin hætta búin að alast upp á heimili hennar. Hættan er sú að hún verði vanörvuð, verði sett ákaflega takmörkuð og sveiflukennd mörk, njóti lítills stuðnings og leiðbeininga í daglegum athöfnum og í námi.

Þrátt fyrir ákaflega skýr skilaboð af hálfu barnaverndaryfirvalda og ábendingu fyrri matsmanna hefur móðirin ekki séð neina ástæðu til að breyta uppeldisháttum sínum. Hún varpar hins vegar ábyrgðinni yfir á aðra en í einstaklings- og starfssögu hefur hún brugðist eins við þegar á hefur bjátað. Viðbrögð hennar gagnvart inngripum barnaverndar eru á sama veg. Bent skal á að móðirin hefur fullar greindarfarslegar forsendur til þess að sinna uppeldinu. Hún hefur hins vegar marga persónubundna annmarka sem virðast takmarka þroska hennar sem foreldri. Hún sýnir mjög sterkar varnir, afneitar því sem er óþægilegt eða réttlætir og varpar ábyrgðinni yfir á aðra. Slíkir varnarhættir endurspeglar leiðir viðkomandi til að draga úr kviða. Slík viðbrögð eru hins vegar alls ekki alltaf meðvituð þeim sem í hlut á. X sýnir krónísk einkenni slíkra varna. Niðurstaðan er m.a. sú að hún bregður ætíð blinda auganu á eigin annmarka og heftir eigið innsæi bæði á eigið tilfinningalíf og hegðun og á torvelt með að setja sig í spor annarra og skoða hlutina af sjónarhóli annarra. Þar af leiðandi stýrist túlkun hennar á atburðarásinni í umhverfinu þar með talin hegðun annarra af hennar eigin þörfum og hagsmunum sem eru afar sjálfhverfir. Hún gerir t.d. lítinn greinarmun á eigin þörfum og dætra sinna, þeirra þarfir og langanir eru jafnframt þær sömu og hennar. Þetta kemur víða fyrir í umsögnum hennar og túlkunum. Þá mælast innri bjargir X ekki miklar. X telur jafnframt ekki ástæðu til að breyta sér og afar ólíklegt er að sjálfsmat hennar, viðhorf og færni til að sinna uppeldinu breytist til batnaðar í ljósi þeirra tilrauna sem hafa verið gerðar til þess fram til þessa tíma.

Niðurstaða matsmanns er því að forsjárhæfni X sé skert og ekki er mælt með því að telpan Y alist upp á heimili hennar.“

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að það þjóni best hagsmunum barnsins, Y, að svipta stefndu forsjá hennar og að henni verði komið í varanlegt fóstur. Kveður stefnandi það teljast til frumréttinda barna að búa við stöðugleika í uppvexti og við þroskavænleg skilyrði. Að mati stefnanda hafi það sýnt sig, svo ekki verði um villst, að stefnda geti ekki búið dóttur sinni þau uppeldisskilyrði sem hún á rétt á.

Í júní 2010 hafi sálfræðingarnir Helgi Viborg og Guðrún L Guðmundsdóttir verið fengnir til að vinna foreldrahæfnismat á stefndu. Sálfræðingarnir hafi skilað niðurstöðum sínum þann 13. september. Samkvæmt þeim prófum hafi greind stefndu mælst undir meðalgreind og persónuleikapróf sýni að hún sé barnaleg, eigi við depurð/þunglyndi að stríða og sé reið og ásakandi í garð annarra. Einnig sé stefnda tilfinningalega viðkvæm og þoli illa gagnrýni og skammir og hafi takmarkaða getu til að takast á við streitu og vandamál daglegs lífs. Enn fremur að skortur sé á almennu hreinlæti, líkamlegri umhirðu dóttur stefndu og að heimalærdómi hennar hafi ekki verið sinnt. Það sé mat stefnanda að stefndu hafi ekki tekist að vinna bug á sínum vandamálum og sé þar af leiðandi ekki í stakk búin til að taka við Y aftur inn á heimili sitt þar sem ekki sé tryggt að stúlkan muni búa þar við viðunandi uppeldisskilyrði.

Stefndu hefur verið veittur víðtækur og öflugur stuðningur í gegnum tíðina. Hún hafi haft tilsjón á heimili sínu, notið aðstoðar félagslegrar heimaþjónustu frá R og sótt uppeldisnámskeið. Þá hafi Y farið til stuðningsfjölskyldu og haldnir hafi verið reglulegir samráðsfundir með skóla Y. Einnig hafi stefnda fengið persónulegan stuðning og fjárhagsaðstoð. Það sé mat stefnanda að þrátt fyrir víðtækan stuðning hafi stefndu ekki tekist að koma aðstæðum á heimili sínu í viðunandi horf og hafi stefnda reynst treg til að þiggja ýmis stuðningsúrræði sem henni hafi staðið til boða. Þá kveður stefnandi að síðan dómur Hæstaréttar var kveðinn upp þann 24. ágúst 2011 hafi aðstæður stefndu lítið breyst. Umgengni Y við stefndu hafi ekki gengið vel meðan á vistun hjá fósturfjölskyldu hafi staðið. Y hafi m.a. greint frá því að hafa lítið fengið að borða hjá stefndu og að óregla hafi verið á svefntíma hennar þar sem hún hafi þurft að vaka lengi fram eftir að beiðni stefndu. Y hafi einnig greint frá því að hún vilji ekki vera í umgengni hjá stefndu þegar vinkonur stefndu séu á heimilinu og hafi stefnda ekki virt óskir Y hvað þetta varði.

Þá kveður stefnandi að aðstæður Y séu nú mun betri en þær hafi verið þegar hún bjó hjá stefndu og hafi hún sýnt miklar framfarir í námi. D, kennari Y, hafi hitt Y á þremur fundum í janúar og febrúar sl. Á fundum þeirra hafi Y greint frá því að hún væri hamingjusöm hjá L fósturmóður sinni, hún væri nú duglegri að læra en áður, enda hafi móðir hennar oft „gleymt að láta hana lesa“. Auk þess hafi Y greint frá því að hún væri ánægð með skólann sinn, heimilisaðstæður og vini sína.

G, umsjónarkennari Y, sendi stefnanda erindi vegna Y í febrúar 2012. Í erindinu greini G frá því hversu miklum framförum Y hafi náð í náminu. G greini frá því að lestrarkunnáttu Y hafi verið verulega ábótavant en hún hafi nú náð miklum framförum á skómmum tíma. G greini einnig frá því að ástundun sé upp á 10 og að Y mæti alltaf á réttum tíma, sé hrein og snyrtileg til fara og komi ávallt með hollt og gott nesti.

Til að leggja mat á stöðu og líðan Y og tengsl hennar við fósturfjölskyldu og móður hafi stefnandi farið þess á leit við Helga Viborg sálfræðing að hann legði mat á

framangreind atriði og hafi hann skilað sálfræðimati þann 19. mars 2012. Það sé niðurstaða matsmanns að stefnda hafi ekki sýnt fram á vilja eða getu til að mæta umönnunarþörfum Y. Matsmaður hafi greint nokkra áhættuþætti hjá Y, m.a. að einbeiting hennar væri ekki góð og hana skorti stefnumið og metnað. Vegna þess væri mikilvægt að umönnun hennar væri reglusöm, uppeldisrammi skýr og stuðningur við nám mikill. Það var niðurstaða matsmanns að þessum umönnunarþáttum væri vel sinnt í núverandi fóstri.

Fjölmargar meðferðaráætlanir hafi verið gerðar í gegnum tíðina án þess að þær hafi skilað tilætluðum árangri. Af meðferðaráætlunum og greinargerðum sem teknar hafa verið saman og lagðar fyrir stefnanda sé einnig fullljóst að leitast hafi verið við að beita eins vægum úrræðum gagnvart stefndu og unnt var hverju sinni og reynt að aðstoða stefndu og börn hennar þannig að stefnda gæti haldið Y hjá sér. Að mati stefnanda sé alveg ljóst að við meðferð málsins hafi verið kappkostað að gæta meðalhófs og öll úrræði tæmd áður en sú viðurhlutamikla ákvörðun hafi verið tekin að höfða þetta mál. Einnig hafi stefnandi leitast við að upplýsa málið eins og frekast sé unnt og í því skyni m.a. aflað upplýsinga frá sérfræðingum og öðrum sem hafi umgengist stefndu, fósturmóður og Y. Stefnandi telji að önnur barnaverndarúrræði en forsjárvipting séu ekki tiltæk, enda brýn nauðsyn á því að skapa stúlkunni öryggi og uppeldi sem hún hafi ótvírætt farið á mis við hjá stefndu.

Það sé mat stefnanda að hjá stefndu búi Y við óviðunandi uppeldisaðstæður. Y sé á viðkvæmum aldri og í brýnni þörf fyrir stöðugleika þannig að persónueiginleiki hennar og þroski fái að njóta sín. Með hagsmuni barnsins að leiðarljósi og með tilliti til ungs aldurs sé það mat stefnanda að mikilvægt sé að Y fái framtíðarheimili og umönnunaraðila þar sem öryggi hennar og þroskavænlegar uppeldisaðstæður séu tryggðar. Þá sé það mat stefnanda að stuðningsúrræði á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 séu fullreynd og dugi ekki til að tryggja Y þroskavænleg uppeldisskilyrði til frambúðar á heimili stefndu og að hagsmunum Y sé best borgið með áframhaldandi fóstri hjá fósturmóður. Það sé mikilvægt fyrir börn að alast upp við stöðugleika, gott atlæti og öryggi og sé það mat stefnanda að aðstæður hjá fósturmóður muni frekar geta mætt þessu þörfum Y.

Með hliðsjón af öllu framanröktu telji stefnandi að hagsmunum Y sé best borgið með því að stefnda verði svipt forsjá hennar. Með því móti sé hag stúlkunnar til framtíðar best borgið. Stefnandi telur það hafa sýnt sig að stefnda geti ekki búið dóttur sinni þau uppeldisskilyrði sem hún eigi skýlausan rétt á. Forsjárréttur foreldra takmarkist af þeim mannréttindum barna að njóta forsvaranlegra uppeldisskilyrða. Þegar hagsmunir barns og foreldra vegist á séu hagsmunir barnsins, og hvað því er fyrir bestu, þyngrri á vogarskálunum. Þessi regla sé grundvallarregla í íslenskum barnarétti og komi einnig fram í þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland sé aðili að. Hinu opinbera sé og skylt að veita börnum vernd svo sem fyrir sé mælt um í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 18/1992. Þá eigi reglan sér stoð í 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur sé með lögum nr. 62/1994, og í alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979.

Stefnandi vísar einnig til meginreglna í barnaverndarstarfi, sbr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, og a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga. Lögmaður stefnanda krafðist sviptingar forsjár og að málskostnaður yrði felldur

niður hver svo sem úrslitin yrðu. Segir afskipti hafa byrjað árið 2005 í [...] en flust til [...] 2008. Vísar í málavexti í stefnu og úrskurði.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefnda byggir á því að barninu sé fyrir bestu að móðir þess fari með forsjá þess, enda sé hún til þess hæf. Stefnda telji mikilvægt að stúlkan fái að alast upp með fjölskyldu sinni og ættingjum en það hafi hún gert þar til hún var vistuð utan heimilis og sé stúlkan mjög tengd henni. Stefnda telji sig færa um að annast stúlkuna en hún geri sér grein fyrir að hún þurfi stuðning og aðstoð við það. Stefnda bendi á að markmið barnaverndarlaga sé að tryggja að börn sem búi við aðstæður, sem talið er að geti stofnað heilsu þeirra eða þroska í hættu, fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skuli við að ná þeim markmiðum með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu. Barnaverndaryfirvöldum beri ávallt að beita vægustu úrræðum til að ná fram markmiðum laganna og einungis skuli beita íþyngjandi ráðstöfunum ef lögmætum markmiðum laganna verði ekki náð með öðru og vægara móti. Forsjársvipting sé mjög alvarlegt inn grip og eigi ekki að taka slíka kröfu til greina nema mjög ríkar ástæður liggja þar að baki, enda sé hverju barni eðlilegt að alast upp hjá eigin foreldri og fjölskyldu sinni.

Stefnda telur að ekki hafi verið sýnt fram á að ekki sé unnt að ná fram þessum markmiðum með því að styðja við fjölskylduna með þeim úrræðum sem séu möguleg. Stefnda telji úrræðin alls ekki fullreynd. Þá sé stúlkan átta ára gömul og ekkert hafi komið fram í gögnum málsins sem bendi til annars en að það sé vilji og ósk hennar að eiga heimili hjá stefndu. Stefnda hafi verið til fullrar samvinnu við barnaverndaryfirvöld frá því að stúlkan var vistuð utan heimilis og hafi unnið í sínum málum á tímabilinu. Stefnda telji það ekki forsvaranlegt að svipta hana forsjá stúlkunnar miðað við núverandi aðstæður og samstarfsvilja hennar.

Stefnda byggir á því að skilyrðum a- og d-liðar 29. gr. laga nr. 80/2002 sé ekki fullnægt. Málið hafi ekki verið rannsakað með fullnægjandi hætti og því sé með öllu mótmælt að umræddum skilyrðum sé fullnægt. Þá sé ljóst að skilyrði 2. mgr. 29. gr. laganna sé ekki fullnægt. Stefnda bendir á að stúlkan hafi verið vistuð utan heimilis í tæp tvö ár og á þessu tímabili hafi af hálfu barnaverndarnefndar ekki verið látið reyna á önnur og vægari úrræði til úrbóta til að sameina fjölskylduna. Því sé mótmælt með öllu að nokkrar slíkar aðgerðir hafi verið reyndar á þeim tíma sem liðinn er síðan stúlkan var vistuð utan heimilis og því séu lagaskilyrði fyrir ákvörðun barnaverndarnefndar um sviptingu forsjár stúlkunnar ekki fyrir hendi. Stefnda kveður kröfu stefnanda brjóta gegn bæði meðalhófi og meginreglum á sviði barnaréttar þ.e. að almennt skuli hafa það að leiðarljósi að halda fjölskyldum saman og styðja fjölskyldumeðlimi fremur en að skilja þá að. Þá sé það stúlkunni fyrir bestu að fá að koma sem fyrst aftur inn á heimili stefndu, enda hafi hún verið aðalumönnunaraðili stúlkunnar frá fæðingu hennar. Samkvæmt 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 eigi börn rétt á vernd og umönnun og skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og sé stefnda fær um að veita dóttur sinni þá vernd og umönnun sem henni sé nauðsynleg. Hún kveðst vera reiðubúin til samstarfs við barnaverndaryfirvöld og hafi því samþykkt áframhaldandi vistun dóttur sinnar á fósturheimilinu út skólaárið en hafi jafnframt óskað eftir því að umgengnin yrði aukin til að auðvelda dóttur hennar heimkomuna. Þá telur stefnda

engin rök fyrir því að umgengni hennar við stúlkuna verði ekki a.m.k. jafn mikil og almennt gerist.

Stefnda telur sig hæfan og góðan uppalanda. Ekkert hafi komið fram í gögnum málsins sem bendi til annars en barninu líði vel hjá henni og sé tengt henni traustum böndum. Þá hafi ekkert komið fram í gögnum málsins um að hún sé vanhæf til að sjá um dóttur sína.

Stefnda byggir á því að barnaverndaryfirvöldum beri ávallt að beita vægustu úrræðum til að ná fram markmiðum barnaverndarlaga og einungis skuli beita íþyngjandi ráðstöfunum ef lögmætum markmiðum laganna verður ekki náð með öðru og vægara móti skv. 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga. Þá bendir stefnda á að markmið barnaverndarlaga sé að tryggja að börn sem búi ekki við viðunandi aðstæður fái nauðsynlega aðstoð. Barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu, sbr. fyrrnefnda 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga. Stefnda hafi marglýst því yfir að hún sé tilbúin að þiggja þá aðstoð sem henni bjóðist við umönnun og framfærslu stúlkunnar og hún sé reiðubúin til fulls samstarfs við stefnanda.

Aðstæður stefndu séu þær að hún sé einstæð og öryrki vegna bakmeiðsla. Hún sé reglusöm manneskja, reyki hvorki né drekki. Hún hafi stöðugar tekjur í formi örorkubóta og búi í rúmgóðu og öruggu húsnæði á vegum félagsmálaþjónustu R. Áhugamál hennar snúi að dætrunum, hannyrðum og nú skólanum sem hún sækir. Hún sé mjög heimakær en sækir alltaf bingó einu sinni í viku með móður sinni hjá eldri borgurum. Hún sé mjög blíð og góð við dóttur sína og séu sterk tengsl á milli þeirra. Þá hafi barnið sterk tengsl við eldri systur sína. Það hafi orðið mikil sinnaskipti hjá stefndu varðandi heimilishald allt og hún vilji vera í samvinnu við stefnanda um framgang mála, bæði hvað varði persónulega styrkingu sína sem foreldri og svo heimilishald allt. Þá njóti stefnda mikils stuðnings frá móður sinni sem búi í sama fjölbýlishúsi og hún.

Stefnda kveðst leggja áherslu á að hún eigi ekki við nein óyffirstíganleg vandamál að stríða og hún hafi hugsað ein um dóttur sína frá fæðingu hennar og veitt henni ást og umhyggju. Hún bendir á að hún sé við þokkalega heilsu, hún misnoti ekki fíkniefni, hún misnoti ekki eða beiti dóttur sína ofbeldi, hún sé alltaf til staðar fyrir hana, hún sé með öruggt húsnæði og framfærslu og hún njóti aðstoðar fjölskyldu sinnar í nærumhverfi sínu. Erfitt sé að láta peningana duga út mánuðinn hjá stefndu en það sé vandamál sem margar fjölskyldur á Íslandi eigi við að stríða þessi misserin. Framtíðaráform hennar snúi að því að hugsa um dætur sínar og lifa eðlilegu lífi með þeim. Hún stundi nám við [...] og vonist til að það styrki hana persónulega og auðveldi henni að komast út á vinnumarkaðinn í framtíðinni.

Stefnda bendir á að það komi hvergi fram í barnalögum, barnaverndarlögum og lögskýringargögnum með þeim að foreldri geti einungis verið hæft til að hafa forsjá barns sé foreldrið fullkomið. Stefnda sé ekki fullkomin en hvergi komi fram í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu að stefnda sé vanhæf til að fara með forsjá dóttur sinnar. Stefnda byggir kröfu sína um óbreytta forsjá fyrst og fremst á því að það sé stúlkunni fyrir bestu að hún fari áfram með forsjána eins og hún hafi gert frá fæðingu hennar. Stefnda er sannfærð um að það sé andstætt hagsmunum stúlkunnar að fallast á kröfu stefnanda.

Stefnda byggir kröfur sínar á barnalögum nr. 76/2003, barnaverndarlögum nr. 80/2002, stjórnslögum nr. 37/1993 og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Krafa um málskostnað byggist á 1. mgr. 60. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Málskostnaðarkrafan byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggist á lögum nr. 60/1988.

Skýrslur fyrir dómi.

Stefnda kom fyrir dóminn og kvað líf sitt hafa verið frekar erfitt án dætra sinna og hún hafi saknað þeirra mikið. Aðspurð um hvað hún hafi gert til að byggja upp líf sitt eftir að þær fóru í fóstur kvaðst hún hafa tekið á söfnunaráratu sinni og farið í gegnum dótið sitt smátt og smátt og hent. Hafi það gengið svo langt að granni hennar hafi hlegið að henni og spurt: „Ert þú að taka til?“ Kvaðst hún vera bakveik og þurfa að taka tillit til þess í daglegu lífi. Andlega væri hún nokkuð góð og mesta furða miðað við hvað hún hafi þurft að líða.

Umgengni hafi í fyrstu verið hálfsmánaðarlega eða þar til í maílok 2011 þegar þær fóru utan. Hún hafi síðan fengið Y einu sinni í mánuði. Jólin 2011 hafi hún fengið nokkurra daga umgengni, frá Þorláksmessu og yfir jólin. Í janúar 2012 hafi umgengni verið einu sinni í mánuði þar til um mitt sumar en þá hafi umgengni verið minnkuð í 10 tíma einn dag í mánuði. Þannig hafi það líka verið um síðustu jól. Umgengni hafi gengið mjög vel þrátt fyrir stuttan tíma. Aðspurð um athugasemdir frá barnaverndarnefnd og ástæður þess að umgengni hafi verið minnkuð fannst stefnda það ósanngjarnt, bíllinn hennar hafi bilað og strætó hafi ekki gengið. Hún hafi ekki haft neinn til að skutla sér þegar hún átti að skila dóttur sinni úr umgengni.

Aðspurð kvað hún engan hafa komið frá barnaverndarnefnd til að fylgjast með umgengni þegar hún stóð yfir. Engar meðferðaráætlanir hafi verið gerðar af hálfu barnaverndarnefndar með henni til að sameina fjölskylduna. Þá hafi heimilishjónusta ekki verið á vegum barnaverndarnefndar heldur hafi félagsþjónustan útvegað henni heimilishjálp vegna örorku hennar. Þá hafi hún ekki séð neina þörf fyrir heimilishjálp í ársbyrjun 2012 og afþakkað aðstoð. Enginn undirbúningur hafi verið gerður með henni til að Y gæti komið aftur heim.

Aðspurð kvað hún Helga Viborg ekki hafa haft samband við sig þegar hann gerði sálfræðimat árið 2012, eingöngu við matið 2010. Þá kvað hún Y ekki búa í dag við betri aðbúnað en hún hefði fengið hjá stefndu. Stefnda kvaðst ekki merkja meiri framfarir hjá Y en hefðu orðið hjá stefndu sjálfri. Stefnda taldi sig sjá að það gæti verið þægilegra og betra að fá stuðning til að byrja með, flytti Y heim. Þá væri hún með fullan vilja til að vinna með barnaverndarnefnd, kæmi Y heim.

Aðspurð kvaðst stefnda hafa tekið til heima hjá sér áður en matsmaður kom í heimsókn til hennar. Skýrði hún athugasemdir matsmanns varðandi óreiðuna þannig að hún væri fyrir fallega muni og slatta af húsgögnum sem ekki öllum fyndist viðeigandi. Persónubundna annmarka í matsgerð stefndu komu henni ekki á óvart. Hún hafi alltaf fundið að hún hafi haft sterka varnarþörf. Hvers vegna vissi hún ekki, hún hafi líklega þróað með sér miklar varnir. Hún kvaðst vilja þiggja sálfræðiaðstoð til að vinna á því, byðist henni slík aðstoð.

Stefnda kvaðst búa í 100 fm íbúð á vegum R og greiddi hún rúmlega 100.000 krónur í húsaleigu á mánuði. Hún hefði um 200.000 krónur útborgað á mánuði með öllu.

Kvað stefnda samskipti við barnaverndarnefnd hafa gengið upp og ofan. Stundum hafi samskiptin gengið vel og stundum væru þau ekki sammála. Aðspurð hvort hún gerði of miklar kröfur til Y neitaði stefnda því. Hún hafi vafalaust glímt við einhver vandamál við uppeldi hennar, væri kannski ekki nógu ströng. Ef aðferðir hennar hafi ekki borið árangur hafi hún reynt nýjar aðferðir. Varðandi fæði kvaðst hún halda sig við venjulegan mat, ekki skyndibita. Spurð um kvartanir Y sjálfrar um fæði kvað hún möguleika á að hún hafi farið meira í skyndibita eftir að umgengni styttist svona. Áður fyrr hafi Y viljað sofa út og erfitt hafi verið að vekja hana í skóla en það væri auðveldara í dag að vekja hana. Aðspurð um fatnað Y neitaði stefnda því að hún hafi verið í of litlum fötum. Aðspurð um hvernig yrði ef Y kæmi aftur heim, kvað hún að þær Y myndu gleðjast mikið yfir því. Hún þyrfti þá kannski meiri aðstoð en verið hefði.

Aðspurð um vanrækslu á börnum hennar sem lýst er í gögnum málsins, kvað hún skýringuna líklega vera misskilningur og hvernig menn túlki hlutina. Aðspurð hvað stefnandi hefði getað gert, sem ekki hafi verið gert áður, kvað hún örugglega margt hefði verið hægt að gera, sem hún vissi ekki um og kannski ekki barnaverndarnefnd heldur. Þeir hefðu kannski getað brugðist við og kannað hvort ásakanir væru réttar eða ekki, t.d. með fatnað og mataræðið. Það hafi nefndin ekki gert. Aðspurð hvað hún hafi gert til að undirbúa komu Y kvaðst hún hafa farið í sjúkraþjálfun síðastliðið haust og farið í grunnenntaskóla til að nýta tímann. Hafi hún klárað einn áfanga sem tók um þrjú mánuði. Aðspurð hvort hún hafi leitað aðstoðar sálfræðings, eins og lagt var til í matsgerð, kvaðst hún ekki hafa fengið neinar leiðbeiningar frá félagsmálayfirvöldum um það hvert hún ætti að leita og hún ekki vitað sjálf hvert hún ætti að fara. Aðspurð um aðstoð fjölskyldu kvað hún móður sína búa í sama stigagangi en hún væri ekki hraust líkamlega. Hennar aðstoð gæti meira verið andleg.

Stefnda lýsti umgengni frá hausti 2010 til maí 2011 þannig að umgengni hafi í byrjun verið tvisvar í mánuði. Engin umgengni hafi verið frá maí 2011 til september 2011. Frá september 2011 til maí 2012 hafi umgengni verið frá föstudegi til sunnudags einu sinni í mánuði. Það hafi breyst um sumarið þannig að umgengni hafi verið einu sinni í mánuði, tíu klst. í senn, frá kl. 10.00 til kl. 20.00.

Aðspurð um athugasemdir barnaverndarnefndar við aðbúnað stúlkunnar, óþrif, svengd, skipulagsleysi og fl. kvað hún það hafa verið til staðar, stefnda væri ekki fullkomin húsmóðir. Skýringin væri m.a. að hún hefði fengið svínaflensu og legið nokkra daga og þá ekkert getað gert og heimilið þá farið úr skorðum. Hún hafi líka eitt sinn farið í bakinu og þá lítið getað gert en þá hafi hún lagt áherslu á að sinna stúlkunum, að elda og þvo þvott frekar en að þrifa. Þá skýrði hún slaka námsgetu Y þannig að hún hafi verið nýbyrjuð í skóla og stefnda ekki fengið tækifæri til að sinna heimalærdómi hennar er hún var tekin af heimilinu. Y hafi átt til að taka bræðisköst og grýta bókum og þá hefi verið erfitt að eiga við hana en stefnda hafi átt þetta sjálf til að sögn móður hennar. Kvað stefnda aðbúnað heimilisins ekki hafa verið í lagi áður, t.d. vegna söfnunarárættu hennar og mataræðis. Hún hafi ekki verið nógu ströng með margt í uppeldinu. Kvað hún börn taka vaxtarkippi og þurfa

mismikið að borða, Y hafi verið mjög lengi að borða og oft ekki náð að klára matinn eins og hún hafi átt að gera. Stefnda kvaðst aðspurð ekki endilega alltaf vera þolinmóð en þær hafi gert gott úr því.

Aðspurð um of miklar kröfur á börnin kvað hún það ekki vera rétt. Hún hafi ætlast til að börnin tækju upp sitt dót sem þær dreifðu um alla íbúð, það hafi verið talin of mikil ábyrgð á þær. Þá hafi þær átt að fara með óhrein föt af sér í óhreina tauið og setja diskinn sinn í vaskinn eftir matinn. Það hafi verið talin of mikil ábyrgð á stelpurnar. Oft hafi stelpurnar ekki hlýtt henni, sú eldri hafi oft þrætt og rifist við sig og hafi hún verið hrædd um að sú yngri myndi taka upp sömu takta. Aðspurð kvað hún framfarir Y bara vera eðlilegar í skóla, ekki meiri en eðlilegt væri. Henni fyndist Y vera meira lokuð í dag en áður og síður þora að segja stefndu frá.

Stefnda kvaðst hafa áhyggjur af Y í dag, sérstaklega svefnaðstæðum, hún sofi uppi í rúmi hjá fósturmóður sinni og eigi ekki sitt eigið rúm þar.

Aðspurð um það hvort stefnda væri í þörf fyrir sálfræðiaðstoð, kvað hún sig hugsanlega þurfa aðstoð til að brjóta niður þær varnir eða þann varnarvegg sem hún hafi myndað með sér. Hún hafi hins vegar ekki leitað eftir aðstoð sjálf. Hún hafi talað um það eitt sinn við félagsmálafulltrúa en ekkert svar fengið. Hún hafi hins vegar fengið allan þann stuðning sem hún þurfti í [...] en allt hafi molnað niður eftir að hún kom í R. Í R hafi hún bara sótt SOS-námskeið og [...]. Hún hafi farið í [...] en þar var hún látin hætta í vegna aldurs. Á SOS-námskeiðinu hafi hún lært alls konar uppeldisaðferðir en henni hafi ekki fundist þær aðferðir virka. Kvað hún miður að upplýsinga hafi ekki verið leitað um hana frá venslafólki hennar og fólki sem þekkti hana. Það hafi verið meira fagfólk sem hafi verið spurt um aðstæður hennar.

Aðspurð kvaðst hún ekki hafa farið á SOS-námskeið í október 2008. Hún hafi ekki komist að. Varðandi námskeið um fjármál hafi hún bara sótt slíkt námskeið í [...], ekki í R. Hún hafi komist inn í SOS-námskeið í ágúst 2009. Uppeldisráðgjöf hjá skólasálfræðingi í ágúst 2009, sem mælt var með, hafi hún aldrei verið boðuð í og hafi hún heldur ekki leitað eftir því sjálf. Í nóvember 2009 var gerð áætlun og lagt til að hún mætti í [...] tvisvar í viku. Hún hafi mætt þar og gengið mjög vel. Það snúist um að fólk hittist og spjalli. Síðan hafi fólk, sem hún hafi átt erfitt með að umbera, farið að mæta og hún þá hætt. Í október 2010 fór hún í [...] en var of gömul, sótti hana í nokkrar vikur en varð að hætta vegna aldurs.

Aðspurð um söfnunaráráttu sína kvaðst hún ekki vera með bílskúr lengur undir dót og hún væri búin að losa sig við megnið af því. Hún væri með restir í geymslu sem hún væri með.

Aðspurð um heimilisaðstoð kvað hún eina konu sem kom til hennar hafa viljað hafa heimilið hvítt og þær aldrei verið sammála. Næsta manneskja sem kom hafi átt að hjálpa henni við að fara í gegnum dótið hennar og það hafi gengið vel. Næst hafi J komið til að hjálpa með heimalærdóminn. Z hafi tekið reiðikast við hana sem aldrei hafi verið nefnt. Stefnda kvaðst alltaf hafa verið tilbúin að taka við fólki heim til sín utan þegar hún var lasin þá hafi hún ekki viljað fólk inn á heimili sitt.

Stefnda var innt eftir þeim úrræðum sem lögð voru til í foreldrahæfnismati Helga Víborg og Guðrúnar L Guðmundsdóttur sálfræðinga í september 2010.

Kvaðst stefnda ekki muna til þess að neitt úrræðið hafi gengi eftir af hálfu stefnanda.

Einar Ingi Magnússon sálfræðingur kom fyrir dóminn og kvað stefndu hafa verið til samstarfs við vinnslu matsins. Kvað hann Y muna lítið eftir veru sinni hjá móður sinni og blanda mjög saman tímum sem hún var í umgengni með móður sinni. Henni þyki hins vegar vænt um móður sína og ekkert spegli hatur eða illindi í hennar garð. Kvað hann eldri systur hennar hafa verið komna mun lengra á vansældarbraut og verið komna á mjög tæpt vað, en hún hafi hótad sjálfsmorði. Sú yngri hafði þó upplifað að koma mjög soltin eftir helgarvistun hjá móður sinni. Það hafi verið löngu eftir að búin var að tala um nauðsyn næringar og matar með móðurinni. Það hafi tekið heilt sumar að koma næringu Y í samt lag.

Kvaðst hann telja stefndu vera vanhæfa sem móður. Snerist það aðallega um þá lokun sem hún sýndi gagnvart öllum ráðum sem hún fengi og mistúlkun á leiðbeiningum. Aðspurður um sjálfsfegrun stefndu kvað hann hana gera minna úr eigin göllum en efni standi til, það hangi oft saman við slakt innsæi á eigin kostum og eigin göllum. Oftast sé það túlkað þannig að menn bregði blinda auganu á galla sína. Stefnda hafi átt að fá virka sálfræðilega meðferð í uppbyggingu skv. sálfræðimatínu og kvað hann sitt álit vera, miðað við gögn málsins, að stefnda hafi þurft, í langan tíma, að vera tilbúin að breyta sjálfri sér í þá átt sem kröfur gengju út á að breyta. Svör hennar séu oft og tíðum afar einsleit, hún snúi út úr, hún hafi aldrei fengið nein skýr skilaboð um það hvernig hún eigi að breytast nema með því að benda á draslið heima hjá henni. Augljóst sé þó að vandamálið hafi verið miklu meira, hún hafi verið að ýta ráðleggingum frá sér og meðal annars með því að gera aðra ábyrga, svo sem dætur sínar.

Aðspurður hvort hægt væri að hjálpa stefndu svo að hún gæti veitt börnum sínum lágmarks lífvænleg uppeldisskilyrði með aðstoð, kvað Einar það eingöngu vera vangaveltur en ekki hafi gengið að breyta mynstrinu hjá stefndu. Kannski gengi það í örstuttan tíma en um leið og inngripum sleppi fari allt í sama farið. Var Einar ekki trúaður á að sá þáttur myndi færast í eðlilegt far. Hún gæti hugsanlega séð um dóttur sína en hún yrði örugglega hæfari en hún hafi verið ef hún tileinkaði sér þau ráð sem lögð væru til. Aðspurður hvort barnaverndarnefnd hefði gert allt sem í hennar valdi stæði til að gera stefndu kleift að fá dóttur sína aftur heim, sagði hann að þó að gripið væri til margþættra úrræða, þá væri það mat stefndu, færi eitthvað úrskeiðis, að það væri ekki hennar sök né hennar uppeldishættir sem hefðu skapað það ástand sem var komið upp, m.a. þegar eldri dóttirin reyndi að fyrirfara sér. Taldi hann ekki líklegt að það gengi upp, þrátt fyrir mikil inngrip. Eftir vorið 2011 hafi umgengnistímar í upphafi verið lengri en dregist saman af því að stúlkan hafi kvartað yfir því að hafa ekki fengið nóg að borða hjá móður sinni, svo hann viti ekki í hverju meiri aðstoð ætti að felast. Hins vegar sé margt sem hefti stefndu í þroska og þróun sem foreldri. Stefndu skorti ráð og útsjónarsemi um hvernig eigi að vinna úr hlutum, hvort sem þeir séu efnislegir eða tilfinningalegir eða átta sig á aðstæðum, meta þær og vinna úr þeim. Kvað hann margt af því sem fólgði var í stuðningi við stefndu hafa verið í þá átt að styðja, breyta og bæta viðkomandi foreldri í uppeldishlutverki sínu en þeirra áhrifa gæti mjög lítið hjá stefndu, eða að hún tileinki sér þær ráðleggingar. Aðspurður kvað matsmaður Y ekki hafa verið tætta né hafi hann fundið að það væri verið að togast á um hana. Aðspurður um það hvort telpunni væri hætta búin byggi hún hjá móður sinni, kvaðst matsmaður ekki sjá neinar sérstakar breytingar í farvatninu hjá stefndu sem segðu að hún væri

tilbúin að breyta sér, ekkert hefði komið fram við gerð matsins um að breytinga væri að vænta af hennar hálfu. Stefnda hafi nefnt það sérstaklega sjálf að hún ætti erfitt með að setja telpunum mörk og aldrei hafi komið fram hjá henni hvernig hún ætlaði sér að takast á við það.

Einar Ingi kvað allar niðurstöður prófa vera innan eðlilegra marka, en niðurstöður hans í matinu byggðust meira á því sem hann hafi séð hjá stefndu heldur en niðurstöðum prófa. Hann hafi lagt ítarlegri próf fyrir stefndu en gert var í foreldrahæfnismatinu og því hafi niðurstöður verið lakari hjá stefndu en í fyrra mati. Kvað hann sumar niðurstöður úr prófinu hafa verið innan eðlilegra marka en ekki standast raunveruleikann og hafi hann tekið það sérstaklega fram í niðurstöðum matsins. Kvað hann heildarniðurstöðu sína taka mið af prófunum svo og því sem hann verði áskynja sjálfur og raunveruleikanum. Aðspurður hvort stefnda gæti nýtt sér sérstaka þjálfun og kennslu við uppeldi barna og uppbyggingu á henni sjálfri við að annast börn, kvað hann að stefnda myndi örugglega þiggja slíka þjálfun en hann efaðist um getu hennar til að yfirfæra slíka þjálfun og tileinka sér hana og hann efaðist um úthald hennar. Það sjáist í gögnum málsins að hún hafi ýtt uppeldisskyldum sínum yfir á dætur sínar.

Aðspurður um það hvað teldist eðlileg ábyrgð á dætur stefndu, m.a. þegar þær voru fjögurra og sex ára látnar ganga frá eftir sig, setja föt sín í óhreina tauið, ganga frá eftir sig eftir matmálstíma o.fl., kvað hann það ekki eðlilega ábyrgð. Slíkum kröfur þyrfti að fylgja eftir með leiðbeiningum en ekki, eins og stefnda hafi gert, að láta telpurnar bera ábyrgð á því sjálfar. Þá hafi aðstæður verið þannig heima hjá stefndu varðandi óreiðu og óhreinindi að það sé útilokað að leggja slíkar kröfur á börn á þessum aldri.

Helgi Viborg sálfræðingur kom fyrir dóminn og staðfesti matsgerð sína fyrir dómnum. Sagði hann það mat hafa farið fram í framhaldi af foreldrahæfnismati sem hann hafi staðið að árinu áður. Þá hafi hann rætt við stefndu og börnin, fósturmóður og kennara. Við vinnslu sálfræðimatsins hafi hann ekki rætt við stefndu en það hafi verið mat félagsráðgjafa að ekki væri nauðsyn að ræða við stefndu aftur við gerð seinna matsins. Fannst honum það ekki óeðlilegt á þeim tíma. Hann hafi fengið upplýsingar um að ekkert hafi breyst hjá stefndu frá foreldrahæfnismatinu. Kvaðst hann hafa gert tillögur um ákveðnar aðgerðir í sálfræðimatinu en aðspurður kvaðst hann ekki hafa fylgt því eftir í kjölfarið, hvort tillögur hans í matinu um aðgerðir hafi gengið eftir. Það væri ekki hans hlutverk.

Aðspurður hvort Y væri hætta búin við að alast upp hjá stefndu, kvað hann hana vera í ákveðinni áhættu, stefnda væri ekki að mæta þörfum barnsins á eðlilegan hátt, hún hefði ekki innsæi í þarfir barnsins, og væri ekki að bjóða henni þá umönnun sem sé æskileg fyrir Y.

Aðspurður um foreldrahæfnismatið og getuleysi stefndu til að mæta umönnunarþörfum barnsins, sagði hann stefndu ekki sýna reglusemi, hún sinnti ekki þeirri umönnun sem barni sé nauðsynleg, sýndi því ekki viðurkenningu og ástúð sem sé barninu nauðsynleg, stefnda sé of upptekin af eigin veikindum og eigin þörfum og geri sér ekki grein fyrir hvernig hún eigi að sinna Y.

Aðspurður um hvað stefnda gæti gert til að taka á vanda sínum, kvað hann stefndu hafa alist upp við erfiðar aðstæður, fengið litla athygli sjálfa, ekki ástúð og fl. og

Það hafi skilað sér mikið áfram þannig að hún geri sér ekki grein fyrir þörfum barna, t.d. með heimanám, matmálstíma, svefntíma, hrós og athygli, það sé ekki á forsendum barnsins heldur á forsendum stefndu. Mikið þyrfti að breytast til að það snerist við. Hún hafi fengið mikla ráðgjöf og leiðbeiningar inn á heimilið frá stefnanda en hún virðist ekki hafa getað tileinkað sér þá aðstoð.

Aðspurður um það hvað stefnda gæti gert til að sýna fram á að hún sé hæf móðir, kvað Helgi að það sem skipti máli í hennar tilfalli væri að sinna þeirri meðferð sem lögð væri til en hún loki sig af, eigi í erfiðleikum með samskipti við yfirvöld og annað fólk, sé með einkenni þunglyndis sem hún sé ekki að taka á. Það sé ýmislegt sem hún gæti gert en hún þiggi ekki ráð sem hún fái. Aðspurður um það hvað barnaverndaryfirvöld ættu að bjóða upp á til að gera fólki kleift að sinna hlutverki sínu, kvað hann sálfræðinga vera til staðar, Björgina og mörg önnur úrræði sem stæðu henni til boða sem væri hægt að þiggja. Persónuleiki stefndu sé þannig að hún eigi mjög erfitt með að treysta fólki og viti ekki hverjum hún eigi að treysta og vaði áfram í að þykjast vita og geta sjálf og réttlæti sig og tali illa um aðra. Kvað hann Y vera með eðlilegar langanir til móður sinnar og systur. Það væri nauðsynlegt að halda þeim tengslum. Erfitt sé að segja hversu mikil umgengni ætti að vera því stelpan hafi komið þreytt, ráðvillt, svöng og vansvefta úr umgengni, sem væri mjög slæmt. Erfitt væri að hjálpa fólki sem ekki vildi hjálpa sér sjálf. Það væri ekki hægt að reyna endalaust að ganga á eftir fólki ef börnum líður illa heima hjá sér. Hins vegar væri rangt að klippa algjörlega á tengsl barnsins við móður sína og sérstaklega við systur hennar.

M félagsráðgjafi kom fyrir dóminn og lýsti reynslu sinni af barnaverndarmálum. Hún hafi komið að þessu máli í mars 2012 en þá hafi Y verið í tímabundnu fóstri og hún því komið að gerð umgengnissamninga við stefndu. Kvað hún umgengni hafa verið í upphafi heila helgi en ekki gengið vel. Y hafi ítrekað kvartað undan því að vera svöng og þreytt og umhirða slæm eftir umgengni. Í framhaldi hafi umgengni verið stytta og hafi hún gengið ágætlega eftir það. Þó hafi verið erfiðleikar við að skila Y á réttum tíma en yfirleitt hafi umgengnin gengið vel. Kvað hún Y hafa sagt sér það sjálf að henni liði vel hjá fósturmóður sinni og henni gengi vel í skóla. Samband þeirra sé gott og Y upplifi öryggi og festu hjá fósturmóður. Kvað hún stuðning sem stefnda hefur fengið frá stefnanda vera fullreyndan og önnur úrræði ekki tiltæk nema vista barnið utan heimilis. Aðspurð um úrræði til handa stefndu kvað hún áætlanir hafa verið gerðar í kjölfar foreldrahæfnismatsins í samstarfi við stefndu en stefnda hafi ekki sinnt því sem að henni sneri, hún hafi ekki mætt á námskeið og ekki sinnt úrræðum af hálfu barnaverndarnefndar.

Aðspurð um það hvaða úrræði barnaverndarnefnd hafi lagt til svo hægt væri að sameina fjölskylduna, kvað hún umgengni vera reynda, sem hafi í upphafi ekki gengið fyrr en umgengni var stytta. Kvaðst hún ekki þekkja til annarra úrræða sem gripið hafi verið til. Þá hafi verið haft samband við föður Y en hann ekki látið málið til sín taka.

Aðspurð um samvinnu við stefndu, kvað hún samskipti þeirra hafa verið góð, stefnda væri alltaf kurteis en hún hafi ekki samband að fyrra bragði. Þó geti hún ekki sagt að samstarfið sem slíkt hafi verið gott þar sem þau hafi ekki náð að greiða úr umgengnismálum saman, það hafi þurft að leggja fyrir barnaverndarnefnd, stefnda hafi ekki viljað skrifa undir samninga og ekki verið til samstarfs að því leyti en hún hafi alltaf verið kurteis. Aðspurð um sérsniðin úrræði ef almenn úrræði duga

ekki, kvað hún SOS-námskeið vera almenn, tilsjón inni á heimili sé almennt úrræði en sniðið eftir þörfum hvers og eins. Tilsjón hafi verið aukin inn á heimilið þegar almenn tilsjón hafi ekki gengið hjá stefndu. Það sé mjög íþyngjandi þegar inngríp séu orðin mikil og mikil tilsjón sé inn á heimili og þá komi að því að vista börn utan heimilis, t.d. í tímabundnu fóstri og síðan með varanlegu fóstri eins og nú sé verið að gera. Kvað hún t.d. bara það, að hún hafi ítrekað bent stefndu á að það þurfi að gefa barninu að borða, ekki hafa gengið eftir. Hún efaðist ekki um að stefnda vildi gera betur, hún hafi bara ekki getu til þess. Hún hafi fengið leiðbeiningar um hvað hún þyrfti að gera þegar barnið væri í umgengni en ekki farið eftir þeim.

C, móðir stefndu, kom fyrir dóminn og lýsti sambandi sínu við stefndu og kvað samband þeirra mæðgna vera gott. Hún byggi í sama stigagangi og stefnda og væri samgangur ágætur á milli þeirra.

G, umsjónarkennari Y, kom fyrir dóminn og sagði Y hafa komið í annan bekk nánast ólæs en í janúar hafi hún verið orðin fluglæs. Hún hafi lesið 15 atkvæði í byrjun á mínútu en í janúar verið komin í 70 atkvæði á mínútu. Y þurfi stuðning í stærðfræði og einnig hafi hún fengið stuðning í íslensku og haldi hún í við jafnaldra sína. Hún sé dugleg og vilji vel. Y fylgi námsefninu og hafi verið að ná um 60% af námsefninu á prófum. Samskipti við fósturmóður séu mjög góð en stefnda hafi líka haft samband til að fá upplýsingar um framvindu Y. Framvinda í lestri skýrist bæði af auknum þroska auk þess sem heimanámi hennar hafi verið mjög vel sinnt hjá fósturmóður. Bar hún Y góða söguna í skólanum, hún sé jákvæð og glöð.

D kvaðst hafa verið skipuð talsmaður Y á vegum félagsþjónustunnar og kvaðst hafa rætt við Y um lífið og tilveruna, hvar hún vildi búa og fleira. Y hafi sagt vera sátt við sína stöðu, að vera hjá L og að hitta líka móður sína. Hafi henni fundist stelpa skýr og flott stelpa. Y hafi sagt sér frá heimanámi sínu, hún þyrfti að læra áður en hún færi út að leika sér en hjá móður hennar hafi hún oft gleymt að læra og bækurnar hafi verið of erfiðar.

J félagsráðgjafi kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið með tilsjón inn á heimili stefndu frá september til desember árin 2010. Markmiðið hafi verið að aðstoða stefndu við uppeldi dætra hennar, heimalærdóm og heimilisþrif. Mikil óreiða og óþrifnaður hafi verið á heimili stefndu. Þrátt fyrir leiðbeiningar hafi stefnda ekki tekið ráðleggingum. Önnur manneskja hafi komið á heimilið á sama tíma og hjálpað stefndu með þrif. Þá hafi þrifum á dætrum hennar og almennri tannhirðu verið ábótavant. J kvaðst hafa verið viðstödd umgengni á heimili stefndu daginn áður en stelpurnar áttu að fara til [...], vorið 2011. J kvaðst hafa sótt stelpurnar til fósturmóður þeirra og farið með þær heim til stefndu. Þar hafi móðir stefndu verið og tvær vinkonur. Í fyrstu hafi J ætlað að halda sig til hlés en æsingur hafi verið í vinkonum stefndu sem ekki var við ráðið og hafi hún haft samband við barnavernd og óskað eftir aðstoð. Í framhaldi hafi lögregla verið kölluð til. Æsingurinn í gestkomandi hafi aukist og í lokin hafi stelpurnar verið fluttar í burtu. Þær hafi orðið hræddar og skelkaðar og grátið, enda aðstæður verið erfiðar. Kvaðst J ekki hafa komið að málinu eftir þetta. Aðspurð kvað J fundi hafa verið haldna í barnavernd með stefndu og í skólanum til að halda utan um uppeldi og aðbúnað telpnanna. Meðal annars hafi verið farið yfir með þeim sem að telpunum komu ásamt stefndu, háttatíma, matartíma, svefn, hreinlæti og heimalærdóm telpnanna. Mikill óþrifnaður hafi verið á heimili stefndu, og nokkurra daga matarleifar í pottum.

Erfitt hafi t.d. verið fyrir stelpurnar að geta sest niður heima hjá sér til að læra út af drasli sem hafi verið úti um allt. Stefndu hafi verið jákvæð gagnvart samvinnu en efndir ekki verið neinar. Y hafi fundið fyrir þessu og talað um það og grátið yfir því að hún væri ekki eins og önnur börn, gæti ekki lært og fleira því tengt.

B félagsráðgjafi kom fyrir dóminn og kvaðst hafa starfað við barnavernd frá árinu 2007 til 2012. Hún hafi fylgt máli stefndu eftir frá því stefnda flutti til R og þar til hún hætti. Aðrir starfsmenn hafi þá tekið við málinu. Kvað hún samskipti barnaverndaryfirvalda við stefndu hafa verið mjög misjöfn. Til að byrja með hafi málið fylgt hefðbundinni meðferð, s.s. með meðferðaráætlun o.fl. en eftir því sem á leið hafi þurft að beita meira íþyngjandi úrræðum. Ekki væri hægt að segja að stefnda hafi aldrei sýnt bót en aldrei þannig að það hafi verið viðunandi. B kvaðst hafa hitt Y reglulega á tímabilinu. Hún hafi tekið miklum breytingum til batnaðar eftir að hún fór í fóstur. Aðspurð kvaðst B ekki vita hvað hafi verið gert af hálfu barnaverndarnefndar frá vori 2011 þar sem hún hafi ekki verið með málið eftir að Y fór í fóstur. B kvaðst ekki hafa haft aðgang að gögnum málsins eftir að hún hætti vorið 2012 og gæti hún því ekki vitnað í gögn málsins. Kvað hún stefndu hafa verið hvatta til að leita sér aðstoðar til að bæta sig eftir að börnin fóru í fóstur en hún geti ekki svarað til hvort hún hafi gert það. Aðspurð kvað hún stefndu hafa vanrækt börn sín svo að hún teldi ekki æskilegt að börnin ælust upp hjá henni. Taldi B stefndu hafa vilja til að bæta úr en hún hefði ekki getu til þess.

L kvaðst hafa fengið Y fyrst til sín í fóstur fyrir tæpum tveimur árum. Fyrst hafi systurnar verið saman í þrjá mánuði en Z hafi farið til föður síns 27. maí 2011. Y hafi í fyrstu lítið viljað borða og erfitt að koma venjulegum mat í hana en hún hafi helst viljað borða kex. Í dag væri staðan allt önnur, barnið borðaði venjulegan mat núna. Y hafi verið glær þegar hún kom fyrst, sem benti til efnaskorts, og hafi verið í fötum ætluðum þriggja ára en Y hafi verið sex ára þegar hún kom til hennar. Y sé lífsglöð í dag. L kvað Y oft hafa komið svanga úr umgengni frá stefndu og þyrfti að fylgjast með því. Kvað L Y hafa gott samband við föðurfólk sitt og fara í boð til þeirra.

Forsendur og niðurstaða.

Upphaf afskipta barnaverndaryfirvalda af stefndu og dætrum hennar má rekja til ársins 2005 en þá hafði barnaverndarnefnd [...] afskipti af heimili stefndu vegna eldri dóttur hennar. Þegar stefnda flutti til [...] hafði barnaverndarnefnd [...] afskipti af heimili stefndu og dætrum hennar. Var barnaverndarnefnd með íhlutun inn á heimili stefndu og afskipti af dætrum hennar. Hefur föður eldri dóttur hennar nú verið falin forsjá hennar samkvæmt dómsátt þar um þann 20. júní 2012.

Í gögnum málsins liggja fyrir upplýsingar um afskipti félagsmálayfirvalda í [...] af heimilinu frá árinu 2005. Frá júní 2006 fékk stefnda uppeldisráðgjöf og aðstoð með uppeldi dætra sinna og var þá mat starfsmanns að stefnda þyrfti áframhaldandi stuðning og tilsjón með heimili sínu. Í maí 2007 og aftur í nóvember 2007 fékk stefnda ráðleggingar um að sækja námskeið um hegðunarmótun og lagt til náíð samstarf með félagsráðgjafa. Þá var stefndu, strax í nóvember 2007, bent á að börn þyrftu ást og umhyggju, fasta matmálstíma og svefntíma. Stefnda átti þá erfitt með að taka á móti leiðbeiningum og tileinka sér þær. Fluttist mál stefndu til barnaverndaryfirvalda í R í ágúst 2008.

Allt frá því í október 2008 hafa margar áætlanir verið gerðar af hálfu stefnanda með stefndu vegna uppeldisaðstæðna barna hennar. Hefur stefnda verið samvinnufús en eins og að ofan er ítrekað rakið virðist hún ekki hafa getu til að taka ráðleggingum og tileinka sér þær. Dætur hennar hafa verið vanræktar, andlega og líkamlega og fengið litla örvun. Glögglega má sjá það á þeim framförum hjá Y í lestri er hún var komin í fóstur. Var hún bæði vannærð er hún var vistuð utan heimilis stefndu og þroski hennar á eftir meðalþroska. Í október 2009 voru dætur stefndu settar í neyðarvistun vegna mikillar óreiðu og óþrifnaðar á heimili hennar. Afskipti barnaverndaryfirvalda af dætrum stefndu og heimili hennar hafa verið ítrekuð vegna tilkynninga frá leikskóla og skólayfirvöldum. Þá kom fyrir að stefnda treysti sér ekki til að hafa telpurnar og bar við að stúlkurnar væru ekki nógu duglegar við að ganga frá eftir sig og það væri því ógerningur að halda heimilinu hreinu. Þá svaf eldri telpan, átta ára, enn með bleyju á nóttunni. Stefnda setti ítrekað kröfur og ábyrgð á dætur sínar, frá unga aldri og töldu þær sig bera ábyrgð á því hvort væri til matur á heimilinu eða ekki. Vegna erfiðleika á heimilinu var stuðningur aukinn og stuðningshelgum fjölgað fyrir stúlkurnar. Þá fékk stefnda aukinn fjárhagsstuðning í formi leikskólagjalda. Ítrekað voru dætur stefndu vistaðar utan heimilis til skamms tíma í senn vegna óviðunandi aðstæðna á heimilinu. Þá verður ekki séð í gögnum málsins annað en að stefnda hafi verið ósamvinnuþýð varðandi umgengni, en hún hafi neitað að skrifa undir umgengnissamninga og jafnframt dregið slíkan samning til baka.

Í foreldrahæfnismati sem gert var um mitt ár 2010 kemur fram að eldri stelpan hafi skort skýran ramma, öryggi og leiðbeinandi reglur í lífi sínu. Kröfur móður um að barnið axli ábyrgð á heimilishaldi og námi séu óraunhæfar miðað við aldur barnsins. Kröfur stefndu til telpnanna markist mikið af því að losa hana sjálfa við uppeldislega ábyrgð, t.d. varðandi hreinlæti, heimanám og umgengni á heimili. Lýsi það litlu innsæi í þarfir telpnanna. Í stað þess að fara að ráðum sem stefndu hafi verið veitt, þá afsaki hún sig, kenni öðrum um og fegri eða réttlæti slæma frammistöðu í foreldrahlutverkinu.

Í sálfræðimati Helga Viborg, sem gert var í ársbyrjun 2010, segir að það sé skoðun matsmanns að stefnda hafi ekki sýnt fram á að hún hafi vilja eða getu til að mæta umönnunarþörfum Y. Staðfesti Helgi þetta fyrir dóminum en hann kvað Y vera í ákveðinni áhættu ef hún ætti að alast upp hjá stefndu. Stefnda mætti ekki þörfum barnsins á eðlilegan hátt, hún hefði ekki innsæi í þarfir barnsins, og byði Y ekki þá umönnun sem sé æskileg fyrir hana. Persónuleiki stefndu væri þannig að hún eigi mjög erfitt með að treysta fólki og viti ekki hverjum hún eigi að treysta og vaði áfram í að þykjast vita og geta sjálf og réttlæti sig og tali illa um aðra.

Sama niðurstaða var í sálfræðimati Einars L Magnússonar sálfræðings en hann kvað einnig Y vera ákveðin hætta búin, alist hún upp hjá móður sinni. Stefnda telji sig aldrei hafa átt í neinum vanda með dóttur sína en það samræmist illa veruleikanum. Stefnda telji sig hafa breyst mjög í þá átt sem barnaverndaryfirvöld hafi krafist en lagði áherslu á að hún hafi aldrei fengið skýr skilaboð um hvað væri raunverulega að hennar uppeldisháttum fyrir utan að það væri drasl á heimili hennar. Stefnda hafi aldrei fengið á hreint í hverju vanræksla hennar væri fólgin. Stefnda telji sig fullfæran uppalanda, hún hafi fróðleik um uppeldi úr bókum og námskeiðum og einnig frá ættingjum og vinkonum. Hún leggi mestar áherslur á stöðugleika hvað varðar reglulega matar- og svefntíma, heimanám og útivistatíma.

Stangast þessi sjónarmið stefndu algjörlega á við raunveruleikan en eins og rakið er ítarlega að ofan var óregla á matmálistímum, Y var ekki læs er hún kom í fóstur en þá var hún í öðrum bekk grunnskóla. Þá eru gögn um að Y hafi ítrekað verið svöng, þreytt og illa þrífín er hún var í umsjá móður sinnar. Þá kemur skilningsleysi stefndu ítrekað fram í gögnum málsins en hún telur t.d. að umgengni við Y hafi þrengst þar sem hún hafi ekki haft mat í hádegi og ekki lagt fallega á borð. Þá kemur ítrekað fram að ímynd stefndu á henni sjálfri markist af sjálfsfegrun og varnarháttum, afneitun, réttlætningu og frávarpi. Þá hafi hún slakt innsæi, einkum á eigið tilfinningalíf. Stefndu skorti nægileg innri bjargráð til þess að breyta sér og aðstæðum sínum þótt hún hafi fengið ábendingar um að þess væri þörf og virðist túlka ábyrgð og skyldurækni að eigin geðþótta hverju sinni. Hún sjái sjálf takmarkaða ástæðu til breytinga á persónuleika sínum og hegðun.

Bæði í sálfræðimati Einars L og framburði hans fyrir dómi kom fram að hann telji stefndu hafa skerta forsjárhæfni og að Y sé ákveðin hætta búin að alast upp á heimili hennar. Hættan sé sú að hún verði vanörvuð, verði sett ákaflega takmörkuð og sveiflukennd mörk, njóti lítills stuðnings og leiðbeininga í daglegum athöfnum og í námi. Þá hafi stefnda, þrátt fyrir ákaflega skýr skilaboð af hálfu barnaverndaryfirvalda og ábendingu fyrri matsmanna, ekki séð neina ástæðu til að breyta uppeldisháttum sínum. Stefnda bregði blinda auganu á eigin annmarka og hefti eigið innsæi bæði á eigið tilfinningalíf og hegðun og eigi torvelt með að setja sig í spor annarra og skoða hlutina af sjónarhóli annarra. Er niðurstaða Einars Inga að forsjárhæfni stefndu sé skert og ekki sé mælt með því að telpan alist upp hjá henni. Staðfesti Einar Ingi þetta mat sitt fyrir dóminum.

Þá liggur fyrir í gögnum málsins, sem staðfest var af vitnum, að Y hafi ekki fengið aðstoð við heimanám hjá stefndu, hún hafi verið svöng og hafi sjálf haft áhyggjur af aðstæðum hennar í skóla, hún hafi komið þreytt, svöng og ósofín úr umgengni sem hafi orsakað það, þrátt fyrir ítrekaðar ráðleggingar í langan tíma, að skerða varð umgengni stefndu við Y.

Metur dómurinn það svo, með vísan til allra gagna málsins, ferils málsins og framburðar vitna fyrir dóminum, að stefnda uppfylli ekki, þrátt fyrir allan þann stuðning sem tækur er, þær lágmarkskröfur sem gera verði til hennar sem uppalanda, þannig að hún geti veitt barninu Y þau uppeldisskilyrði sem henni séu æskileg. Styður þetta þær framfarir sem hafa orðið á Y í þroska og námi frá því hún var tekin af heimilinu.

Telur dómurinn skilyrði a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 vera uppfyllt. Telur dómurinn að öll vægari úrræði til úrbóta og aðstoðar stefndu hafi verið reynd af hálfu stefnanda. Breytir engu þar um að ekki liggi fyrir í gögnum málsins að stefnda sé ekki metin vanhæf eins og stefnda byggir á.

Af öllu ofangreindu virtu verður að telja hagsmunum barnsins Y best borgið með því stefnda verði svipt forsja hennar. Þá telur dómurinn nauðsynlegt að umgengni barnsins við stefndu verði tryggð.

Stefnandi krefst ekki málskostnaðar. Stefna krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Rétt þykir að málskostnaður falli niður. Skal kostnaður stefndu, sem eru málsvarnarlaun lögmanns hennar, Sonju Maríu Heiðarsdóttur hdl., samtals 843.988 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, greiddur úr ríkissjóði.

Dóm þennan kveða upp Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, Oddi Erlingsson sálfræðingur og Þorgeir Magnússon sálfræðingur.

Dómsorð.

Stefnda, X, kt. 000000-0000, [...], er svipt forsjá yfir barninu Y, kt. 000000-0000.

Málskostnaður er felldur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun lögmanns hennar, Sonju Maríu Heiðarsdóttur hdl., samtals 843.988 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ástríður Grímsdóttir

Oddi Erlingsson

Þorgeir Magnússon